

ÚTSALA

20-70% AFSLÁTTUR



Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Útsölnni lýkur laugardaginn 28. ágúst

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

HÚSGÖGN

20-70% AFSLÁTTUR



Borðstofuborð
20-30% afsláttur

-Dæmi

Rivoli
30% afsláttur

Verð frá 152.450 kr.
Verð áður 217.800 kr.

Stærð 180 x 90cm



Borðstofustólar
20-60% afsláttur

-Dæmi

Highrock
30% afsláttur

Verð frá 23.800 kr.
Verð áður 34.000 kr.



Sófar
20-30% afsláttur

-Dæmi

Apron 2ja sæta
30% afsláttur

Verð frá 150.710 kr.
Verð áður 215.300 kr.

Fæst í 3 litum og fleiri stærðum



Stólar
20-70% afsláttur

-Dæmi

Cliff
20% afsláttur

Verð frá 143.040 kr.
Verð áður 178.800 kr.

Fæst í 9 mismunandi litum/útgáfum



Hægindastólar
20% afsláttur

-Dæmi

Wizar
20% afsláttur

Verð frá 167.920 kr.
Verð áður 209.900 kr.

Fæst í tau og leðri í 14 mismunandi litum



Sófaborð
20-60% afsláttur

-Dæmi

Latina
20% afsláttur

Verð frá 111.840 kr.
Verð áður 139.800 kr.

Stærð 71 x 117cm



Skápar og skenkir
20-30% afsláttur

-Dæmi

Skenkur
30% afsláttur

Verð frá 81.550 kr.
Verð áður 116.500 kr.

Fæst í 3 mismunandi stærðum
Stærð 160 x 45cm



Rúm
20-40% afsláttur

-Dæmi

Glódís
Lúxus sýningarrúm
40% afsláttur

Verð frá 277.560 kr.
Verð áður 462.600 kr.

Stærð 160 x 200cm .
Dýna, botn, fætur og höfðagafi

Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Skoða kynlíf frá öllum hliðum



Grafið í kappi við tímann



TILBOÐS-
BÆKLINGUR
GILDIR TIL
30. AGÚST

SKOÐAÐU TILBOÐS-
BÆKLINGINN OKKAR
WWW.RFL.IS

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGD • BADD • HEIMLÍÐ

Lífið > 22

Tímamót > 12

FRÉTTABLAÐIÐ

161. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 18. AGÚST 2021



Blaðamenn sókktu sér í gær ofan í álagningarskrár skattsins fyrir árið 2020. Í Tekjublaði DV sem kemur út í dag segir meðal annars frá því að mánaðartekjur Halldórs Benjamins Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, námu 4,4 milljónum króna í fyrra og að Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, var með tæplega 1,2 milljónir í mánaðartekjur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞOR

Boðar komu afganskra flóttamanna

Félagsmálaráðherra segir valdatöku talíbana í Afganistan á sínu borði og bíður eftir tillögum flóttamannanefndar um það hvernig taka meggi á móti fólki á flóttanum. Nefndin fundaði í gær.

ser@frettabladid.is

STJÓRNMÁL „Við viljum að Ísland sýni ábyrgð gagnvart afgönskum þjóðinni, nú þegar flóttamannastraumurinn frá Kabúl er brostinn á,“ segir Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra, en hann fer með málefni flóttamanna sem koma hingað til lands.

Ráðherra kallaði flóttamannanefnd á fund í gær til að meta stöðuna og væntir tillagna frá henni til

stjórnvalda um það hversu hratt verði hægt að bregðast við ákalli Afgana um landvist. „Ég væri ekki að biðja um þessi ráð ef við ætlum ekkert að aðhafast.“

Hann segir stöðuna hræðilega. „Valdataka talíbana bitnar skelfilega á konum og það nístir hjarta manns,“ segir ráðherra.

Innviðir í Afganistan eru veikir eftir riflega fjörutíu ára stríðsátök í landinu, en þar búa um 30 milljónir og hefur helmingur þeirra þurft á mannúðaraðstoð að halda svo áratugum skiptir og þriðjungur landsmanna hefur búið við hungurmörk um langa hríð.

Þá hefur straumur flóttamanna frá verið mikill undanfarin ár, eða sem nemur 400 þúsund Afgönum á ári – og það áður en talíbanar hófu stórsókn sína í ár og náðu völdum.



Ég væri ekki að biðja um þessi ráð ef við ætlum ekkert að aðhafast.

Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra.

Á Norðurlöndunum hafa ráðamenn kallað allt starfsfólk sendiráða sinna heim, þar á meðal afganskt starfsfólk þeirra.

Ekkert sendiráðsfólk er ytra á vegum Íslands, en tíu íslenskir ríkisborgarar, þar af tvönn hjón með börn sín og einn starfsmaður Nató.

Utanríkisráðuneytið hér á landi reynir nú af fremsta megi að ná þessu fólki úr landi, en erfiðlega hefur reynst að koma því á flugvöllinn í Kabúl, vegna öngþveitis þar, hvað þá lengra.

„Við verðum að meta stöðuna aðeins betur áður en við leggjum tillögu til ríkisstjórnarinnar,“ sagði Stefán Vagn Stefánsson, formaður flóttamannanefndarinnar, eftir fund nefndarinnar í gær. Gert er ráð fyrir öðrum fundi á morgun. SJÁ SIÐU 2.

Tvö ný tilvik um lömum hjá konum

gar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Tvær konur hérlandis til viðbótar stúlku sem lamaðist eftir bólusetningu gegn Covid-19 finna fyrir lömuna-reinkennum sem þær telja að tengja meggi við örvunarskammt bóluefnis. Þetta staðfesta áreiðanlegar heimildir Fréttablaðsins.

Nítján ára stúlka, sem hafði fengið Janssen-bóluefni og fékk örvunarskammt af Moderna fyrir fimm dögum, lamaðist fyrir neðan mitti. Hún greinir frá því á samfélagsmiðlum að lækna telji lömunina eiga eftir að ganga til baka.

Lækna hafa sagt að enn sem komið er hafi ekki fundist óbyggjandi merki um tengsl milli bólusetningar og lömunareinkenna. ■

Sjáðu verðið strax á tm.is

Þú færð okkar besta verð og getur tryggt þig og þína á örfáum mínútum á tm.is



TM

Hugsum í framtíð

Nefnd fjallar um Afgani á flóttu

thorgrimur@frettabladid.is

FLÓTTAMENN Flóttamannanefnd fjallaði í gær að ósk félagsmálaráðherra um ástandið í Afganistan og hvernig íslensk stjórnvöld geti brugðist við flóttamannabylgju sem búist er við eftir valdatöku talíbana.

Nefndin er ráðgefandi fyrir ríkisstjórnina og áætlað er að hún skili minnisblaði til ráðherra.

„Við förum vel yfir þessa stöðu og reyndum að átta okkur á þeim sviðsmyndum sem uppi eru,“ sagði Stefán Vagn Stefánsson, formaður nefndarinnar eftir fundinn.



Stefán Vagn Stefánsson.

Stefán sagði nefndina vera að afla fleiri gagna. „Þetta er að gerast mjög hratt og mikið af upplýsingum eru að koma inn á hverjum degi. Við erum líka að sjá hvernig aðrar þjóðir og önnur ríki eru að taka á þessu,“ sagði hann og kvaðst ekki geta tilgreint hvaða gögnum væri beðið eftir.

„Við erum meðal annars að rýna í kerfið hér innanlands og líta á stöðuna hjá alþjóðlegum flóttamannastofnunum. Við verðum að meta stöðuna aðeins betur áður en við leggjum tillögu til ríkisstjórnarinnar,“ sagði Stefán Vagn. ■

Bólusett í fullum sal



Haldið var áfram í gær í Laugardalshöll að bólusetja fólk sem fékk Janssen í vor og í sumar með örvunarskammti. Nokkur töf varð undir lok dags þar sem bóluefnið var blandað jafnóðum svo engir skammtar færu til spillis. Bólusetningar halda áfram í dag. Til stendur að bólusetja rúmlega 30 þúsund manns í vikunni, ýmist með Pfizer eða Moderna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Klínikin hjálpar aðeins í stuttan tíma

linda@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta lamar okkar starfsemi, það veldur því að við þurfum að fresta okkar aðgerðum,“ sagði Hjálmar Þorsteinsson, yfirlæknir skurðstofa Klíníkurinnar, á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu leggur Klíníkin Landspítalanum nú til mannskap vegna álags.

„Eins og staðan var metin af okkur þá var ástandið það alvarlegt að okkur fannst það vera okkar samfélagslega skylda að hoppa inn og gera það sem við getum. En að sjálf-sögðu er þetta harmur í okkar huga að þurfa að leggja niður okkar starfsemi og valda skaða og ekki standa við þær skuldbindingar sem við höfum gagnvart okkar eigin sjúklingum,“ sagði Hjálmar.

Samið var til tveggja vikna við



Hjálmar Þorsteinsson, yfirlæknir skurðstofa Klíníkurinnar.

Sjúkratryggingar og fóru fjórir sérfræðingar frá Klíníkinu í fyrradag til starfa á gjörgæslunni, tveir lækningar og hjúkrunarfræðingar. Í næstu viku fara tvö teymi, eða átta manns, frá Klíníkinu.

Hjálmar segir liðstyrk til gjörgæslu Landspítalans eingöngu vera neyðarráðstöfun og skammtímalausn. „Þetta er engin lausn, þetta er hjálp sem við getum veitt í takmarkaðan tíma.“

Ekki liggur enn fyrir hvað Klíníkin fær greitt fyrir þjónustuna. ■

Kann vel við dómastarfið

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningamálaráðherra, sýndi á sér aðra hlið um helgina þegar hún greip í dómaraflautuna á barnamóti hjá Vikingum. Hún kann vel við dómastarfið og útilokar ekki að dæma fleiri leiki á barnamótum.

kristinnpall@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR „Krakkarnir mínir leika hjá Vikingi og þegar það kom tölvupóstur þar sem var verið að óska eftir sjálfboðaliðum til að sjá um dómgæslu fannst mér tilvalið að leggja mitt af mörkum. Íþróttafélögin hafa gert ótrúlega mikið fyrir krakka hér á landi og í raun væri ég til í að aðstoða meira ef hægt væri, þannig að mér fannst þetta liggja beint fyrir,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningamálaráðherra létt í lund, aðspurð hvernig það hefði komið til að hún sinnti störfum knattspyrnu-dómara á Hamingjumóti Vikings um helgina. Hún tók undir að það þætti eflaust fréttanæmt erlendis að sjá ráðherra með dómaraflautuna en þetta væri ekki í fyrsta sinn sem hún dæmi og hún tilbúin að grípa í flautuna aftur ef kallið kæmi. „Ekki spurning,“ sagði Lilja kímín.

Þetta var í ellefta skiptið sem mótið fer fram og markar það ákveðinn hápunkt í barnastarfi Vikings á hverju ári.

„Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég tek að mér dómastarf og það var mjög gaman að fá aukna inn-sýn inn í grasrótina í knattspyrnu-hreyfingunni í sjöunda og áttunda flokki. Þetta var góð áminning að sjá hversu gott barna- og unglingsstarf íþróttafélaga á Íslandi er.“

Um 1.700 þátttakendur tóku þátt í mótinu um helgina og rann hluti af þátttökufénu til Umhyggju- félags langveikra barna á Íslandi, eða ein milljón króna. Mótinu var skipt í þrjú sóttvarnahólf og var takmark-



Lilja á flautunni á leik ÍR og Fjölnis um helgina.

MYND/ADSEND



Þegar það kom tölvupóstur þar sem var verið að óska eftir sjálfboðaliðum til að sjá um dómgæslu fannst mér tilvalið að leggja mitt af mörkum.

Lilja Alfreðsdóttir.

að hversu margir fullorðnir máttu mæta í hvert hólf. Þrátt fyrir það gekk mótið vel fyrir sig.

„Gleðin var algjörlega í fyrirrúmi og það var ótrúlega gaman að sjá hvað þau voru áhugasöm og einbeitt. Það var mjög tilkomumikið að fylgjast með þeim,“ sagði Lilja, sem sagði einhverja krakka hafa kveikt á þerunni að þau könnuðust við dómara. „Það voru einhverjir sem virtust kannast við andlitið en þau fylgdust vel með leiknum og komu ótrúlega vel fram,“ bætti Lilja við og tók undir að það virðist fara Framsóknarfólki vel að grípa í flautuna en Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar og fyrrverandi knattspyrnumaður, sem er efstur á lista Framsóknar í Kraganum í komandi kosningum, tók að sér að dæma á Síamótinu fyrir tveimur árum. ■



Ferskur fiskur og fiskréttir, lax á grillið og humarsúpan í hádegjunu.

Sjávarhornið - fiskverslun, Bergstaðarstræti 14



HAUST ÚTSALA

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR
MIKIÐ ÚRVAL OG HÖRKU AFSLÁTTUR

Birgisson®



OKKAR VÖRUR ERU UMHVÆRFISVOTTAÐAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Uppgangur er í fiskeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fiskeldið hefur áttfaldast frá 2010

ser@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Ársframleiðsla í fiskeldi hér á landi hefur áttfaldast á einum áratug, en hún hefur farið úr því að nema rúmlega fimm þúsund tonnum árið 2010 í liðlega 41 þúsund tonn árið 2020.

Þetta kemur fram í samantekt Matvælastofnunar sem fylgist með framvindu mála í atvinnugreininni, sem heldur betur hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu áratugum eins og tölurnar gefa til kynna.

Mest ber á laxeldi á Íslandi, en í kvíum fiskeldisfyrirtækja er einnig að finna bleikju, regnbogasilung, þorsk, senegalflúru, sandhverfu, lúðu og hekluborra. ■



Ferðamönnum fjölga.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fjörkippur í ferðaþjónustu

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu milli 2020 og 2021. Tekjur af ferðalöngum sem komu til Íslands í maí voru um 7,2 milljarðar og hafa aukist hratt samanborið við sama tíma í fyrra.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar. Þar kemur jafnframt fram að tekjur af samgöngum og flutningum voru áætlaðar 8,4 milljarðar króna í maí 2021 og jukust um 40 prósent miðað við maí 2020.

Téðar tölur sýna líka að útgjöld vegna ferðalaga Íslendinga erlendis voru áætluð 4,8 milljarðar í maí í ár og jukust um 61 prósent frá sama mánuði á síðasta ári. ■

Kennarar verði bólusettir við upphaf kennslu

ser@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Starfsemi framhaldsskóla landsins hefst af fullum þunga á morgun og verður skólalagðið með áþekktum hætti og síðasta vetur hvað sóttvarnir varðar.

„Ég hef verið að funda með mínu fólki og meðal annars gert kennurum skýra grein fyrir því að þeir skuli vera bólusettir áður en kennsla hefst, en annað er ekki í boði,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

Rösklega 500 nemendur eru við skólann vestra, flestir fjarnemar „sem hjálpar við þessar aðstæður,“ segir Jón Reynir. „Og það gleðilega er,“ segir hann „að það hefur ekkert borið á brottfalli nemenda á þessum kórónaveirutímum.“

„Það verður grímuskylða í almennum rýmum, en þó með einhverjum frávikum,“ segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík, sem horfir fram á sömu áskoranir og Jón Reynir.



Það hefur aldrei komið svo slæm pest að hún hafi ekki horfið.

Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

„Auðvitað er uggr í fólki vegna smitfjölda í samfélaginu,“ segir Hjalti Jón. „En við tökum einn dag í einu og reynum að bera höfuð hátt.“

Fjöldatakmörkanir koma í veg fyrir að 620 nemendur Kvennaskólans geti komið saman. „Við höfum fundað með nemendafélaga skólans – og vonum bara það besta,“ segir Hjalti Jón.

„Þetta reynir á langlundargeðið,“ segir Jón Reynir. „En við höfum þetta af. Það hefur aldrei komið svo slæm pest að hún hafi ekki horfið.“ ■

Konur gagnrýna óeðlilega verkferla

Líf kvenna er lagt að veði vegna óeðlilegra verkferla við leghálskimanir. Þær bera lítið traust til heilbrigðiskerfisins eftir reynslu sína.

ingunnlara@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Konur segja verkferla skimana fyrir krabbameini í leghálsi óásættanlega. Fréttablaðið ræddi við þrjár konur um biðina eftir niðurstöðum; tvær þeirra hafa beðið eftir svörum frá því í mars og ein þeirra barðist við krabbamein snemma árið 2005 og fullyrðir að hún hefði líklega ekki lifað af hefði hún greinst í dag.

Álfrún Auður Bjarnadóttir, nýbökud móðir, segist bera lítið sem ekkert traust til heilbrigðisyfirvalda eftir að hafa þurft að biða í nær hálf tveggja ára biðni hennar um speglun ekki borist.

Álfrún fór í skoðun þann 30. mars og fékk skilaboð um frumubreytingarnar þann 16. júlí ásamt tilkynningu um að hún ætti von á símtali á næstu dögum um tíma í leghálsspeglun. Síðan þá hefur hún ekkert heyrt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hún fékk fyrir nokkru svör um að viðeigandi aðilar væru í sumarfrí og því hefði beiðni hennar um speglun ekki borist.

„Er svo undirmanað að enginn getur leyst þetta fólk af og er bara ein manneskja að sjá um að senda allar beiðnirnar? Hvaða rugl er þetta?“ segir Álfrún. Aðspurð segist hún eðlilega hafa miklar áhyggjur yfir þessu.

„Ég hef átt daga þar sem þetta tekur aðeins meira á andlegu hliðina heldur en aðra daga en yfirleitt næ ég að reyna að hugsa um eitthvað annað.“

Bryndís Dagbjartsdóttir er lifandi dæmi um nauðsyn þess að biða ekki of lengi á milli sýnataka. Hún fór úr



Erna Bjarnadóttir, forsvarskona hópsins Aðför að heilsu kvenna, færði heilbrigðisráðherra undirskriftalista.



Bryndís Dagbjartsdóttir.



Álfrún Auður Bjarnadóttir.



Eygló Guðmundsdóttir.

því að vera einkennalaus sumarið 2003 yfir að vera með frumubreytingar vorið 2004 og að lokum greinast með krabbamein veturinn 2005.

Hún segir hræðilegt að fylgjast með ástandinu á þessum málum í dag. „Ég fullyrði það að ef ég væri að lenda í þessu í dag myndi ég líklega ekki lifa það af,“ segir Bryndís.

Eygló Guðmundsdóttir, doktor í heilbrigðisvísindum, hefur ekki setið auðum höndum eftir að hafa fengið niðurstöður úr leghálsnýnataka.

Eftir að hafa fengið óljós svör og orðið vitni að því sem hún lýsir sem óeðlilegu verklagi kveðst Eygló hafa ákveðið að hún yrði að taka málin í eigin hendur. Hún varði heilum vinnudegi í að hafa uppi á öllum sem höfðu eitthvað með sýni hennar að gera; í byrjun dagsins var Eygló í símanum við ritara hjá Samhæfingarstöðinni og í lok dags var hún búin að eiga klukkustunda langt samtal bæði við yfirlækninn á meinafræðideildinni í Kaupmannahöfn og Kristján Oddsson,

þáverandi verkefnastjóra yfir málafnum um greiningar á leghálsnýnataka fyrir heilsugæsluna.

Af lýsingum hennar að dæma er staðan óhugnanleg. Sem dæmi má nefna að Eygló hefur enn ekki fengið svör um hvar sýni hennar var staðsett í heilar tólf vikur frá því að það var tekið og síðar sent til greiningar. „Þetta er algjörlega með öllu óásættanlegt,“ segir Eygló. ■

Nánar á frettabladid.is

Fjarþjálfun Dale Carnegie – Live Online



Dale Carnegie námskeiðið

8 skipti, 3 klst í senn með viku á milli
Næsta námskeið hefst 15. sept. kl. 18.00
Verð: 169.000 kr.



Leiðtogafærni

10 skipti, 2 klst í senn með viku á milli
Næsta námskeið hefst 5. okt. kl. 9.00
Verð: 169.000 kr.



Dale á milli starfa

6 skipti, 2,5 klst í senn með viku á milli
Næsta námskeið hefst 29. sept. kl. 13.00
Verð: 80.000 kr. *Ath. Niðurgreitt af VMST.

HYBRID

SUZUKI SWACE

NÝR SUZUKI SWACE!
RÚMGÓÐUR, SPARNEYTINN HYBRID
FYRIR UMHVERFIÐ, ÞÆGINDIN OG ÞIG.



SWACE WAGON 1,8 HYBRID VERÐ KR.
5.380.000

Suzuki Swace Hybrid er rúmgóður station bíll sem er hannaður fyrir nútíma kröfur.

Með háþróaðari og sjálfhlaðandi Hybrid tækni er Suzuki Swace einstaklega aflmikill, sparneytinn og mun umhverfisvænni.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Blendin viðbrögð við sigri talíbana

thorgrimur@frettabladid.is

AFGANISTAN Skyndileg yfirtaka talíbana í Afganistan um helgina hefur víða vakið ótta og reiði. Viðbrögð sumra stórveldanna virðast hins vegar vera með blendnara móti og sum þeirra virðast jafnvel eygja tækifæri í stjórnarskiptunum.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, tók yfirlýsingum talíbana, um að ný stjórn yrði mynduð með þátttöku annarra stjórnmalahreyfinga og að menntun stúlkna yrði áfram leyfð, fagnandi.



Sergei Lavrov.



Imran Khan.

Kínverjar hafa viðhaldið óopinberum samskiptum við talíbana frá því að Bandaríkin hófu að draga herlið sitt burt. Kínversk stjórnvöld óttast að aðskilnaðarsinnar úr Þjóðarbroti Úígúra í Xinjiang gætu komið upp bækistöðvum í Afganistan, sem á um 76 kílómetra landamæri að Kína. Wang Yi, utanríkisráðherra Kína, fundaði með sendinefnd talíbana í síðasta mánuði og fékk hjá þeim loford um að aðskilnaðarsinnar myndu ekki hljóta hæli innan landsins.

Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans, fagnaði yfirtöku talíbana í Afganistan og sagði þá hafa „brotið hlekki þrældómsins“ með því að leysa afgönsku þjóðina undan oki erlendra menningar.

Pakistarar hafa legið undir ásökunum um að styðja talíbana á bak við tjöldin í mörg ár. ■



Algjört öngþveiti hefur verið á Hamir Karzai-alþjóðaflugvöllinum í Kabúl síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Árni aðstoðarrektror reynir að ná nemendum frá Kabúl

Árni Arnþórsson, aðstoðarrektror Alþjóðlega háskólans í Kabúl, hefur verið vakinn og sofinn yfir ástandinu í Afganistan undanfarna daga og leitar nú allra leiða til að hjálpa nemendum sínum, sem flestir eru ungrir Afganar, að komast úr landi.

thorvaldur@frettabladid.is

AFGANISTAN „Þetta er bara búið að vera eiginlega klikkað síðan á laugardagskvöldið, lítið um svefn og heilmikið að gerast og þetta er líka svo kaotískt og svo erfitt,“ segir Árni Arnþórsson, aðstoðarrektror Alþjóðlega háskólans í Kabúl (e. American University of Afghanistan).

„Við erum að standa í því að reyna að finna flugvélar og það þarf síðan að finna út hvaða land er tilbúið að taka á móti þeim. Fólki sem er ekki búið að fá landvistarleyfi og kannski ekki einu sinni með vegabréf,“ segir Árni, sem nú er í Madrid á Spáni með fjölskyldu sinni.

Mikið öngþveiti hefur verið á Hamid Karzai-alþjóðaflugvöllinum í Kabúl undanfarna daga er vestrænir ríkisborgarar og Afganar keppast við að komast úr landi. Árni segir það ekki ganga vel að koma sínum nemendum og kollegum í flug.

„Það gengur alveg gífurlega illa. Við vorum með 25 pláss í flugi til Katar, við náðum að koma svona helmingnum í gegnum ruglið að komast inn á flugvöllinn en svo leyfðu talíbanar flugvélinni ekki að lenda. Við erum með eitthvað um 12-13 manns inni á flugvelli sem við erum að ráðleggja að séu þar áfram. Þau eru væntanlega bara núna einhvers staðar undir vegg,“ segir Árni.

Hann segist fá skilaboð nánast á hverri mínútu frá fólki sem er í felum og biðlar til hans um hjálp og segist ekki vilja deyja. Ellefu nemendum, sem Árni hafði sett á lista, var vísað frá flugvöllinum af talíbönnum og ein konan barin. Árni segir slík skilaboð ekki skemmtileg. Hann segist ekki ætla að gefast upp.

„Við skulum orða það þannig, ég er ekki manneskja sem gefst upp og við munum halda áfram okkar starfi, að reyna að hjálpa öllum, bæði nemendum og starfsfólki. En vongóður, ég get ekki sagt að ég hafi neitt miklar vonir vegna þess að við vitum ekkert hvað talíbanar gera. [...] Þetta er svo mikið rugl að það er ekkert hægt að treysta á eitt né neitt. Ef þú hugsar um það, ég er



Árni Arnþórsson ásamt kollega sínum í háskólanum.

MYND/ADSEND



Ég get ekki einu sinni ímyndað mér hugrekkið sem þessar stúlkur hafa.

Árni Arnþórsson, aðstoðarrektror Alþjóðlega háskólans í Kabúl.

þau öll vera í mikilli hættu því talíbanar hafi allt sem er amerískt.

„Þessi háskóli hefur verið skotmark áður, það var ráðist á hann 2016. Talíbanar fóru inn á okkar svæði í gær, það var búið að yfirgefa okkar skólasvæði og þeir yfirlýstu það sem stjórnstöð fyrir þá í Suður-Kabúl. Þetta er bara táknrænt, þeir voru að sýna það að þeir væru búnir að koma okkur úr landi.“

Árni segir nemendurna flesta um tvítugt. Sumir eigi fjölskyldur.

„Það var ein stúlka sem komst inn á flugvöllinn með tvö börn sín, sem er ótrúlegt því ég vissi ekkert um þau börn, ég hafði ekkert sett þau á listann. En einhverra hluta vegna sögðu talíbanarnir ókei, sem er alveg magnað. Ég bara eiginlega skil það ekki. En hún er inni á flugvöllinum núna með börnin. Þetta er bara alveg svakalegt og þetta er svona hlutur sem maður hefði bara aldrei getað ímyndað sér að maður myndi lenda í,“ segir Árni. ■

ad biðja ungar stúlkur sem hafa alist upp í ótta við talíbana, um að fara til talíbana og sýna þeim vegabréfið sitt svo þeir geti samræmt það við einhvern lista sem þeir hafa til að hleypa þeim inn á flugvöllinn. Ég get ekki einu sinni ímyndað mér hugrekkið sem þessar stúlkur hafa.“

Spurður hvort nemendum hans stafi ögn af talíbönnum kveður Árni



Jólin hefjast á Jómfrúnni

Jólamatseðill frá 11. nóvember.
Kom glád!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruin.is | jomfruin@jomfruin.is

Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



PARTYBUDIN

FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S: 534-0534

WWW.PARTYBUDIN.IS

Landverðir, bændur og búalið vilja bæði fá tónlist og leikrit á svið.



Brandenburg | sía

Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit. Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða.

Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Mannúðarkrís



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Valdataka talíbana í Afganistan er áfall fyrir mannréttindi í heiminum. Og hún er öðru fremur ósigur kvenfrelsis. Skuggi miðalda leggst nú yfir þetta víðfedma Mið-Asíuríki – og fólkið sem þar býr, um 30 milljónir manns, getur ekki lengur um frjálst höfuð strokið.

Hlutskipti kvenna er þó sýnu verst. Þær mega ekki sjást lengur. Þær skulu hirst á bak við luktur dyr. Menntunarmöguleikarnir eru hrifsaðir af þeim. Jafnvel aðgangur að heilbrigðisþjónustu er takmarkaður. Kvenréttindi eru með öllu aflögð.

Við þetta verður ekki unað. Krafa allra lýðræðisþjóða verður að vera ákall um tafarlaugar aðgerðir – og efndir í þeim efnum. Íbúar Afganistan, sem í langflestum tilvikum hafa ímugust á erindi talíbana, eiga heimtingu á aðstoð. Ríkisstjórnir þeirra landa sem telja sig taka mannréttindi alvarlega verða að greiða götu þeirra Afgana sem geta ekki hugsað sér að búa undir járnhæl afturhaldsseggjanna sem nú hafa tekið völdin í Kabúl.

En er hægt að treysta lýðræðisþjóðunum fyrir þessu verkefni? Svarið er ekki einfalt. Og það er í öllu falli ekki óumdeilt, á hvern veginn sem það er. Þessar sömu þjóðir eru nefnilega kunnar af því að loka augunum þegar ógnir stöðja að þjóðum og þjóðabrotum – og einmitt líka þegar mannréttindi eru fótum troðin með yfirgangi, vopnavaldi og landráni.

Í þeim efnum nægir að nefna tíma aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku, borgarastyrjöldina í gömlu Júgóslavíu, að ekki sé talað um yfirgang Ísraels á palestínskri grundu fyrir botni Miðjarðarhafs, en hann versnar með hverju árinu, nánast án athugasemda upplýstra stjórnvalda um allan heim.

Afganar hafa glímt við stríðsátök og afleiðingar þeirra allt frá 1978 þegar Sovétmenn réðust inn í landið með sinn rauða her. Helmingur þjóðarinnar hefur þurft að mannúðaraðstoð að halda í háa herrans tíð og þriðjungur hennar hefur lifað við hungurmörkin. Að meðaltali hafa um 400 þúsund manns verið á flóttu innan landsins og út fyrir landamæri þess á ári hverju.

Sovétið er farið. Talíbanar komu og fóru – og eru komnir aftur. Ameríska stórveldið er nú líka farið frá landinu með skottið á milli lappanna með þeim orðum að Afganistan sé ekki lengur vandi Vesturlanda.

Þau orð má túlka sem svo að það eigi að loka augunum strax. ■

”
Krafa allra lýðræðisþjóða verður að vera ákall um tafarlaugar aðgerðir – og efndir í þeim efnum.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ari@frettabladid.is

Titringur

Landið nötrar og skelfur enn á ný, nei, það er ekki komið nýtt eldgos heldur eru það líkamar þeirra sem fengu gott búst af bóluefni. Á nú stór hluti Íslendinga að vera orðinn svo yfirfullur af mótefni að það er ekkert pláss fyrir veirur. Aðeins helmingur þeirra sem hafa verið boðaðir hafa hins vegar mætt í bústið. Hræðslan við titringinn hefur gert það að verkum að sumir fara í mótefnamælingu í veikri von um að sleppa. Ef einungis fólk gengi svo langt að sleppa við þynnu þá gæti lögreglan vel við unað.

Öreigi

Pólítiskir andstæðingar Gunnars Smára Egilssonar, forystumanns Sósíalístaflökkssins, hafa notið þess síðustu misseri að rifja upp þegar sósíalístin var auðvaldssinni. Átti það einhvern veginn að þýða að Gunnar Smári væri í raun ekki sósíalísti í dag, sama hvað hann segði í dag. Þeir sem litu inn á skrifstofur skattsins í gær gátu hins vegar séð að tekjur hans voru sléttar núll krónur í fyrra. Miðað við þessar upplýsingar má kannski segja að Gunnar Smári hljóti að vera sannkallaður öreigi ef einhvern tíma var hægt að kalla einhvern það. Nú er bara að sameina alla hina. ■

On eða off?



Eyþór Arnalds, oddviti borgarstjórnaflökkss Sjálfstæðisflokks.

Off

Hleðslustöðvar „ON“, dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, eru lokaðar út árið. Þeir sem hafa reitt sig á að hlaða rafbíla sína í þeim 156 hleðslustöðvum sem settar hafa verið upp fá ekki hleðslu vegna ólögglegra innkaupa hjá Reykjavíkurborg. Og ekki í fyrsta sinn. Ljósastýringar umferðarljósa eru víða í lamasessi, en samkvæmt samgöngusáttmála frá 2019 átti að fara í úrbætur „strax“. Ekkert hefur þokast í þeim málum vegna ólögmeðra innkaupa borgarinnar.

Plastmoltan

Gas- og jarðgerðarstöðin Gaja var tekin í notkun á síðasta ári. Hún er í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar og átti upphaflega að kosta rúma tvo milljarða og framleiða moltu sem væri seld. Niðurstaðan var sú að stöðin kostaði 6,1 milljarð og moltan er plastmengud og með talsvert magn þungmálma og því eitruð og ónothæf. Aftur er félag borgarinnar að fjárfesta undir grænum fána en verður síðan stopp.

Strætóstopp

Á sama tíma og milljóðum er varið í undirbúning borgarlínu eru almenningssamgöngur skertar. Strætó hefur minnkað þjónustu sína og fækkað strætóstoppistöðvum svo sem í Grafarvogi. Strætísvagnar eru orðnir gamlir og á síðustu þremur árum hafa aðeins 2 vagnar verið keyptir frá ársbyrjun 2019. Uppsöfnuð þörf er komin í 35 vagna. Það er engu líkara en að fjármagnið sem ætti að fara í rekstur almenningssamgangna sé að fara í hönnun borgarlínu. Hún átti að koma til framkvæmda árið 2019 en er enn á hugmyndastigi á árinu 2021.

Bílastæðafækkunin

Bílastæðakort hækka gríðarlega á þessu ári. Það bitnar á íbúum. En það versta er að borgin vinnur að því að fækka bílastæðum um 600 á ári. Aðgengi að miðborginni hefur versnað gríðarlega fyrir fólk sem býr utan við 101. Allt ber þetta að sama brunni. Það er ekki kveikt á perunni hjá borginni. Í staðinn er meðvitað slökkt á þjónustunni. ■

”
Það er ekki kveikt á perunni hjá borginni. Í staðinn er meðvitað slökkt á þjónustunni.

Betri svefn
með Lin Design

Lin DESIGN
www.lindesign.is

Kolbrún og ruglið

Fannar Gunnarsson kaupmaður.

Anna Bára Ólafsdóttir kaupmaður.

Gunnar Guðjónsson, kaupmaður og fasteignaeigandi.

Lárus Guðmundsson veitingamaður.

Hildur Bolladóttir, kaupmaður og fasteignaeigandi.

Margeir Margeirsson, veitingamaður og fasteignaeigandi.

Guðfinna Steinunn Svavarsdóttir fasteignaeigandi.

Bolli Kristinsson fasteignaeigandi.

Þann 8. júlí sl. birti ritstjórnarfulltrúi Fréttablaðsins, Kolbrún Bergþórsdóttir, enn eina árásina á Bolla Kristinsson og baráttu hans og afgerandi meirihluta rekstraraðila á Laugavegi og neðri hluta Skólavörðustígs gegn götulokunum. En eins og margoft hefur komið fram hafa lokanirnar valdið ómældu og óafturkræfu tjóni hjá fjölda rekstraraðila, leitt til uppsagna starfsfólks og hreinnar eignaupptöku vegna verðfalls á atvinnuhúsnæði. En víða í miðbænum er það meira eða minna óseljanlegt. Tómt húsnæði blasir hvarvetna við en þú kýst að líta undan vitandi að lífsstær margra er að verða að engu.

Hvaða hvatir liggja að baki þessum skrifum ritstjórnarfulltrúa Fréttablaðsins er ekki gott að segja. Við trúum því alla vega ekki að þetta sé stefna blaðsins sem hefur gefið sig út fyrir að vera málsvari atvinnulífsins.

Baráttu okkar til að bjarga Laugavegi og Skólavörðustíg kallar Kolbrún að „þylja upp bull í tíma og ótíma“. Þekkingarleysi þitt og forðomar í garð rekstraraðila í miðbænum eru því miður að verða vörumerki hennar ásamt blindri dyrkun á óhæfuverk Dags B. Eggertssonar og þessa svokallaða meirihluta borgarstjórnar sem er með minnihluta atkvæða á bak við sig.

Ekki kannast einn einasti rekstraraðili í Miðbæjarfélaginu í Reykjavík við að Kolbrún hafi talað við þá og kynnt þér málin og stöðuna eins og góðir blaðamenn gera. Þess í



stað er vaðið áfram í þekkingarleysi og haldið áfram að gera lítið úr lífsbaráttu okkar. Það er ekki góð blaðamennska.

Þann 8. október 2020 bauð Miðbæjarfélagið í Reykjavík Kolbrúnu í göngutúr með okkur um Laugaveg að kynna sér stöðuna en hún hefur ekki þegið boðið. En boðið stendur enn þá og það er aldrei of seint að slíðra sverðin.

Svo kæra Kolbrún. Þetta er kjörið tækifæri fyrir þig til að fræðast

um þróun verslunar og þjónustu á Laugavegi og þú mátt gjarnan taka Dag B. Eggertsson með þér. Þið getið þá fræðst um þá afleitu þróun sem orðið hefur í verslun við Laugaveg og Skólavörðustíg eftir að farið var að loka götunum.

Þú sem bókmenntagagnrýnandi þekkir að fyrst les maður bókina og dæmir svo. Okkar bók hefur þú ekki lesið, en dæmt af fullkomnu þekkingarleysi. Það er heldur ekki góð blaðamennska!

Svo að lokum mættir þú velta því fyrir þér hvers vegna yfir 50 rekstraraðilar á Laugavegi og neðri hluta Skólavörðustígs eru farnir á seinustu misserum. Margir eftir áratuga starfsemi. Flestir fluttu á svæði í borginni þar sem aðgengi er gott og næg bílastæði. Þar blómstra þau sem aldrei fyrr. ■

Stjórn Miðbæjarfélagsins í Reykjavík og Félag rekstrar- og fasteignaeigenda á Laugavegi og Skólavörðustíg.



Fundarboð Kviku banka hf.

til hluthafafundar 7. september 2021

Hluthafafundur Kviku banka hf., kt. 540502-2930, verður haldinn þriðjudaginn 7. september 2021 kl. 16:00, á starfsstöð félagsins að Katrínartúni 2, 9. hæð, 105 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál.

- Kosning eins aðalmanns og eins varamanns í stjórn félagsins.
- Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins á íslensku og ensku. Sé misræmi milli fundargagna á íslensku og ensku, gildir íslenska útgáfan. Fundargögn eru aðgengileg á vefslóðinni <https://www.kvika.is/fjarfestaupplýsingar/hluthafafundur/> og skrifstofu félagsins að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Hvorki verður hægt að taka þátt á fundinum né greiða atkvæði með rafrænum hætti. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@kvika.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 2. september 2021. Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna og að gengnum úrskurði fundarstjóra um slíkt fyrirkomulag. Þó verður kjör stjórnarmanna skriflegt ef fleiri einstaklingar eru í framboði en kjósa skal.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum ef hann sendir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á heimilisfang félagsins eða á netfangið hluthafar@kvika.is. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum skulu senda beiðni um slíkt eigi síðar en tíu dögum fyrir boðaðan hluthafafund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 28. ágúst 2021. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar fyrir hluthafafund með því að senda erindi á framangreint netfang eða bera þær upp á fundinum sjálfum.

Þeim sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn ber að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf hluthafafundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 2. september 2021. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta nafns frambjóðanda, kennitölu, heimilisfangs, menntunar, upplýsinga um aðalstarf og starfsferil, hvenær viðkomandi tók fyrst sæti í stjórn félagsins ef við á, önnur trúnaðarstörf (t.a.m. stjórnarstörf í öðrum félögum) og hlutafjáreign í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila. Þá skal upplýsa um önnur tengsl við félagið og hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga, einir eða í samstarfi við aðra, meira en 10% hlut í félaginu. Þeir einir eru kjörgengir til setu í stjórn félagsins sem þannig hafa gefið kost á sér. Krafa um hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, skal hafa borist

stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir fundinn þ.e. fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 2. september 2021. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins sem og á heimasíðu félagsins, eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn, sbr. 63. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995. Framboðsform til stjórnarsetu er aðgengilegt á vefsíðu félagsins.

Hluthafafundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn. Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Umboð má leggja fram á fundinum eða senda á framangreint netfang fyrir fundinn.

Stjórn Kviku banka hf.



Aglá María verður í eldlinunni í dag.

Breiðablik verður í eldlinunni í dag

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Breiðablik mætir KÍ frá Færeyjum í forkeppni Meistaradeildar kvenna í fótbolta klukkan 09.00 að íslenskum tíma í dag en sá leikur verður spilaður á Sialiai central stadium í Litáen.

Sigurliðið í þeim leik mætir svo FC Gintra frá Litáen eða FC Flora Tallinn frá Eistlandi í leik um að komast áfram á næsta stig.

Þá mætast Barbára Sól Gísladóttir og samherjar hennar hjá Bröndby Íslendingafélaginu Kristianstad, með þær Sif Atladóttur og Sveindísi Jane Jónsdóttur innanborðs og Elísabetu Gunnarsdóttur í brúnni, einnig í dag.

Valerenga, lið Ingibjargar Sigurðardóttur og Amöndu Andradóttur, leiðir síðan saman hesta sína við Mitrovica.

María Ólafsdóttir Gros, sem er nýlega gengin til liðs við Celtic, verður svo mögulega í eldlinunni með skoska liðinu þegar það etur kappi við Levante.

Valur laut í gær lægra haldi fyrir Hoffenheim með einu marki gegn engu í hádeginu í gær og er þar af leiðandi úr leik í keppninni. ■



Sigrún við undirskrift í Dalhúsum.

Sigrún Sjöfn mun leika með Fjölni

hjorvaro@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Fjölnir og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, landsliðskona í körfubolta, skrifuðu í gær undir samning um að Sigrún Sjöfn muni spila með félaginu á komandi keppnistímabili.

Sigrún Sjöfn kemur til Fjölnis frá uppeldisfélagi sínu, Skallagrími, en hún hefur einnig leikið með Haukum, KR, Hamri og Grindavík hérlendis og sem atvinnumaður í Frakklandi og Svíþjóð. Hún hefur á ferli sínum tvisvar sinnum orðið Íslandsmeistari og fjórum sinnum bikarmeistari.

Þessi 32 ára leikmaður hefur spilað 57 A-landsleiki og er sjötta landsleikjahæsta kona Íslands frá upphafi.

Fjölnir hafnaði í fjórða sæti Domino's-deildarinnar á síðustu leiktíð og féll svo úr leik fyrir Val sem varð svo Íslandsmeistari í undanúrslitum úrslitakeppinnar. ■



Fjárhagsstaða Barcelona er afar slæm þessa stundina og Björn Berg Gunnarsson, sérfræðingur um fjármál í íþróttum, segir að söfnun skulda frá 2018 til 2019 sé að koma í bakið á félaginu þessa stundina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Venjulegt félag væri farið á hausinn

Fjármál spænska knattspyrnufélagsins Barcelona hafa verið í brennidepli undanfarið en Joan Laporta, sem tók við sem forseti félagsins fyrr á þessu ári, hefur verið opinskár um fjárhagsvandráðin síðustu vikurnar.

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Barcelona skuldar nú 1,35 milljarða evra og eigið fé félagsins er neikvætt upp á 450 milljónir evra. Fjárhagsstaðan er grafalvarleg og mun taka þó nokkurn tíma að rétta skútuna af.

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri fræðslu og greiningar hjá Íslandsbanka og sérfræðingur um fjármál í íþróttum, segir að félag sem væri ekki með jafn ríka tekjumöguleika og Barcelona hefur væri farið á hausinn ef skuldastaðan væri með þeim hætti þar á bænum.

„Tekjur félagsins jukust umtalsvert árin fyrir Covid, en einkum keppnistímabilið 2018 til 2019 og forráðamenn félagsins spenntu bogann hátt og gerðu ráð fyrir að tekjurnar myndu halda áfram að vaxa næstu árin.

Af þeim sökum hafi forráðamönnum félagsins þótt í lagi að safna skuldum sem virtist á þeim tíma vera hægt að greiða af ef vöxturinn héldi áfram. Forsendur hafi hins vegar breyst í kjölfarið.

Hátt hlutfall skammtímaskulda

Skuldastaðan var orðin slæm áður en Covid skall á en veiran gerði það svo að verkum að tekjurnar skruppu mikið saman. Launakostnaður var gríðarlegur og eingöngu tókst að fresta greiðslum þeirra en ekki afskrifa og nú er komið að skuldadögum.

Það sem er hins vegar mesta áhyggjuefnið er hversu stórt hlutfall skuldanna eru skammtímaskuldir,“ segir Björn Berg um stöðu mála hjá spænska stórveldinu.

„Venjulegt félag myndi vera úrskurðað gjaldþrota ef það skuldaði 1,35 milljarða evra og væri með neikvætt eigið fé upp á 450 milljónir evra. Það er aftur á móti þannig að Barcelona er ekkert venjulegt félag og möguleikar félagsins til þess að skapa tekjur eru mun meiri en hjá flestum öðrum félögum.

Mega ekki við að minnka gæðin

Barcelona er þó í annarri stöðu en til dæmis Manchester United þannig að ef það fer að halla undan fæti innan vallar, eins og gerði hjá United hér um árið, þá myndi það hafa meiri áhrif hjá spænska félaginu.

Ef Barcelona myndi til dæmis ekki komast í Meistaradeild Evrópu þá væri voðinn vís. United var ekki í rekstrarvandráðum þrátt fyrir að missa tekjur vegna slæms gengis inni á vellinum í nokkurn tíma en Barcelona réði illa við slíkt áfall.



Laporta þarf nú að finna jafnvægi milli þess að gæta aðhalds í rekstri sínum og geta áfram laðað að stórstjórnur til félagsins svo liðið haldi áfram að ná árangri inni á vellinum og skapi tekjur utan vallar.



Björn Berg Gunnarsson, sérfræðingur um fjármál í íþróttum.

Það vinnur með Barcelona að það eru fjárhagsvandráði hjá öllum félögum á Spáni þannig að liðið er ekki að dragast eins mikið aftur úr í samanburði við samkeppnisáðilana í spænsku efstu deildinni og ef það væri til að mynda skráð til leiks á Englandi.

Það er hins vegar hætt við því að liðið muni detta út úr hópi elítu-félaganna í Evrópu á meðan það er verið að vinna á skuldahalanum og það getur reynst dýrkeypt,“ segir hann enn fremur.

Salan á sjónvarpsréttinum slæm

„Laporta þarf nú að finna jafnvægi milli þess að gæta aðhalds í rekstri sínum og að geta áfram laðað að stórstjórnur til félagsins svo liðið haldi áfram að ná árangri inni á vellinum og skapi tekjur utan vallar. Það er ekki í boði fyrir lið eins og Barcelona að draga saman seglin svo mikið að það komi of mikið niður á gæðum liðsins.

Það kemur smá innspýting inn í bókhaldið með sölunni á sjónvarpsréttindum efstu deildanna á Spáni til fjárfestingafélags og Barcelona getur þá greitt einhverjar skammtímaskuldir.

Það gæti hins vegar verið slæmt fyrir framtíðarhagsmunum Barcelona og mun hafa áhrif á langtíma áætlun félagsins um að koma fjárhagnum í rétt horf,“ segir sérfræðingurinn um framhaldið. ■

Annar öruggur sigur á Dönnum tryggði sætið

kristinnpall@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta tók skref í rétta átt þegar strákarnir okkar tryggðu sæti sitt á næsta stigi undankeppni HM 2023 með 89-73 sigri á Dönnum í gær. Ísland vann því báða leikina gegn Dönnum og tryggði sér annað sæti riðilsins á eftir Svartfjallalandi. Ísland verður því í pottinum þegar dregið verður í átta fjögurra liða riðla á næsta stigi undankeppinnar þar sem þrjú lið komast áfram á næsta stig keppinnar.

Í fjarveru nokkurra lykilleikmanna féll það í skaut Elvars Más

Friðrikssonar að leiða sóknarleik Íslands í þessum leikjum og hélt Njarðvíkingurinn uppteknum hætti frá því að hann var valinn besti leikmaður litáisku deildarinnar í vetur. Elvar var stigahæstur í liði Íslands í gær með 21 stig ásamt því að gefa átta stoðsendingar. Elvar var því stigahæstur í liði Íslands í þremur af fjórum leikjum í þessu landsleikjahléi.

Heilt yfir var margt jákvætt í leik Íslands í síðustu þremur leikjum liðsins í Svartfjallalandi til að byggja á fyrir næstu verkefni en tólf evrópskar þjóðir komast inn í loka-keppni HM 2023. ■



Danir réðu illa við Elvar sem var með 21 stig og átta stoðsendingar. MYND/FIBA

SPARIDAGAR

Í ORMSSON & HJÁ UMBOÐSMÖNNUM ORMSSON UM LAND ALLT!



SAMSUNG

15% - 20% afsláttur af þvottavélum, þurrkurum, ofnum, uppþvottavélum, kælikápum, frystiskápum, örbylgjuofnum & helluborðum!

KÍKTU Á ÚRVALIÐ

ORMSSON.IS

20%

Vrn. SARZ32M7525B1/EE

Vrn. SARR39M7545B1/EE

20%

20%

Vrn. SARZ32M7000WW/EE

Vrn. SARR39M7010WW/EE

20%

SAMSUNG frystiskápur
185 cm & 315 l. með
klakavél, 3 hillum & 4 skúffum

SAMSUNG kælikápur
185 cm & 385 l. með
loftkælikerfi og er hljóðlátur

SAMSUNG frystiskápur
185 cm & 315 l. með No Frost,
3 hillum & 4 skúffum

SAMSUNG kælikápur
185 cm & 385 l. með
loftkælikerfi og er hljóðlátur



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRDI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRDI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Merkisatburðir

- 1786** Reykjavík fær kaupstaðarréttindi ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Þetta ár eru Íslendingar 38 þúsund, Reykvikingar 167.
- 1786** Konungleg auglýsing um afnám einokunarverslunar á Íslandi er gefin út.
- 1920** Konur í Bandaríkjunum fá kosningarétt.
- 1945** Svavar Guðnason listmálari sýnir verk sín í Listamannaskálanum, það er fyrsta sýning á Íslandi þar sem öll verkin eru abstrakt.
- 1954** Minnismerki um Skúla Magnússon fögeta er afhjúpað í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík. Guðmundur Einarsson frá Miðdal er höfundur verksins, sem Verslunarmannafélag Reykjavíkur gefur.
- 1961** Grasagarður Reykjavíkur er formlega opnaður.
- 1966** Tekin er fyrsta skóflustunga að myndlistarhúsi á Miklatúni. Það gerir Jóhannes S. Kjarval listmálari, húsið er síðar nefnt Kjarvalsstaðir honum til heiðurs.
- 1990** Listaverkið Sólfar eftir Jón Gunnar Árnason er afhjúpað við Sæbraut í Reykjavík.

Uppgröftur í kappi við tímann

Vaskur hópur fornleifafræðinga hefur í sumar verið við uppgröft í landi jarðarinnar Fjarðar við Seyðisfjörð undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur.

gun@frettabladid.is

„Meðal þess sem fundist hefur í sumar er mylla frá tímabilinu 1800–1870, það er fyrsta myllan sem grafin er upp á Íslandi,“ segir Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, sem stýrir umfangsmiklum fornleifarannsóknum í landi Fjarðar við Seyðisfjörð. Þar stendur til að byggja einn af þremur snjóvarnargörðum á svæðinu á næstu fjórum árum. Hvernig skyldi vera að sinna fornleifauppgræfti í kappi við vinnuvélar? „Við erum ekki alveg að því og reynum að vera í góðum takti við framkvæmdaðila þannig að við séum ekki að teyja þá. Gardarnir eru flókin framkvæmd sem lýkur ekki fyrr en 2025 en við verðum að rannsaka minjarnar áður svo hægt sé að varðveita söguna og miðla henni.“



Jarðfræðingarnir Magnús Á. Sigurgeirsson og Ragnheiður Traustadóttir við uppgröftinn.

MYNDIR/
AÐSENDAR



Nú hafa óvænt fundist mannvistarlög frá því áður en gosið varð í Örafajökli 1362 og minjar frá landnámsöld og miðöldum.

Við skráningu á svæðinu árið 2018 komu í ljós 120 minjar frá mismunandi tímum, að sögn Ragnheiðar. „Í fyrra tókum við 34 forkönnunarskurði, hófumst svo handa við uppgröft í sumar og erum búin að finna ótrúlega mörg mannvirki frá ólíkum tímabilum. Vitað var að þarna væru nokkur byggingaskeið, frá því fyrir og eftir stórt snjóflóð úr fjallinu Bjölfli árið 1885, þegar 24 fórust og sextán hús skemmdust. Nú hafa óvænt fundist mannvistarlög frá því áður en gosið varð í Örafajökli 1362 og

minjar frá landnámsöld og miðöldum sem tengjast fiskverkun og sjósókn.“

Þó áformað hafi verið að ljúka uppgræfti sumarsins í næstu viku segir Ragnheiður hópin ekki geta hætt. „Við ætlum að grafa næstu vikur en geymum okkur samt bæjarhól Fjarðar þar til næsta sumar. Þar á landnámsmaðurinn Bjölfur að hafa byggt og út frá könnunarskurðum er vitað að þar hefur verið samfelld búseta frá 10. öld fram á 20. Svo er bæjarhóllinn líka stærri en áður var talið.“ ■



Vettvangur rannsóknarinnar.



Ástkær móðir okkar, amma, langamma, systir og mágkona,

Ragnheiður Hjördís Ingvarsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 30.07.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þórhallur H, Gísli Dan, ömmubörn, langömmubörn, systkini hinnar látnu og fjölskyldur þeirra.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Kristinn K. Ólafsson

áður til heimilis að Kristnibraut 31,

lést 12. ágúst á hjúkrunarheimilinu Mörk.

Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju, mánudaginn 23. ágúst kl. 13.

Súsanna Kristinsdóttir

Kristinn Jón Kristinsson

Stefanía S. Ólafsdóttir

Anna Steindórsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Anna Hulda Norðfjörð



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Þór Kristjánsson

lést á Sólteig Hrafnistu föstudaginn 30. júlí.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Kristján Geir Ólafsson

Þórdís Ólafsdóttir

Katrín Ólafsdóttir

Erla Björk Guðjónsdóttir

Aníta Rut Guðjónsdóttir

Snædis Sara Guðjónsdóttir

Ólafur Þór Ástvaldsson

Hilmir Steinn Ástvaldsson

og barnabarnabörn.

Ei Amm

Þórgímur Friðrik Jónsson

Ástvaldur Jóhannesson

Kristmann Jónsson

Halldór Guðni Traustason

Breki B. Sigurgeirsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ágústa Fanney Snorradóttir

lést á Skjöli,

fimmtudaginn 12. ágúst.

Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju

fimmtudaginn 19. ágúst kl. 13.

Blóm og kransar eru afþakkaðir.

Bárður Ólafsson

Snorri Leifsson

Guðjón Leifsson

Phatcharida Ólafsson

Berglind Lóa Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi okkar,

Valsteinn Víðir Guðjónsson

lést á Landspítalanum í Fossvogi

föstudaginn 6. ágúst.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk

hins látna. Hægt er að nálgast streymi frá

athöfninni á <https://youtu.be/tHQ7Fz4JvWk>

Þóra Björk Valsteinsdóttir

Asimakis Tsoukalas

Valsteinn Konstantín Tsoukalas

Kristín Chrysoula Tsoukala



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Sigurjónsdóttir

áður búsett á Brimhólabraut 13,

Vestmannaeyjum,

lést á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum

föstudaginn 6. ágúst. Útförin fer fram frá

Landakirkju föstudaginn 20. ágúst kl. 13. Þeim sem vilja

minnast hennar er bent á líknarfélög. Streymt verður frá

athöfninni á vef Landakirkju: <https://www.landakirkja.is>.

Hjálmar Guðmundsson

Ólafur Guðmundsson

Sigurjón Guðmundsson

Guðni Guðmundsson

Sigrún Guðmundsdóttir

ömmu- og langömmubörn.

Pálína Úranusdóttir

Hrefna Guðjónsdóttir

Þórdís Njarðardóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ragna Aðalsteinsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Hlið

fimmtudaginn 12. ágúst.

Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju

föstudaginn 20. ágúst kl. 13.00.

Streymt verður frá athöfninni á facebook-síðunni

jarðarfarir í akureyrarkirkju-beinar útsendingar.

Bestu þakkir til starfsfólks á Reynihlið fyrir góða umönnun.

Mary Hörgdal Þórðardóttir

Helgi Friðjónsson

Guðrún Rósa Friðjónsdóttir

Pétur Viðar Friðjónsson

Sigríður D. Friðjónsdóttir

Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Óskar A. Óskarsson

Sveinn Haraldsson

og ömmubörn.



Elskulegur eigenmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Elías Ingjaldur Helgason

Hraunstig 1, Bakkafirði,

andaðist þann 14. ágúst

á Sjúkrahúsinu Akureyri.

Hann verður jarðsunninn frá Skeggjastaðakirkju

laugardaginn 21. ágúst klukkan 13.00.

Athöfninni verður streymt:

<https://www.facebook.com/events/156940159807493/>

Freydis Sjöfn Magnúsdóttir

Helgi

Magnús

Hafþór

Viðir

Stefnir

Lisa

Una

Ásdís

Hildur

barnabörn.

MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGUR 18. ÁGÚST 2021

30. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

MICHELSEN
1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is

Vogunarsjóðurinn Taconic fjármagnar lúxushótelid

2 Félagid sem heldur utan um byggingu Edition-hótelsins við Hörpu fékk jafnvirði 4 milljarða skammtímafjármögnun frá bandaríska vogunarsjóðnum í vor.

Stóraukin fjárfestingaþörf hjá lifeyrissjóðunum

4 Aukin fjárfestingaþörf vegna uppgreiðslna á sjóðfélagalaánnum gæti numið 150 milljörðum á ársgrundvelli. Sjóðfélagalaán sem hlutfall af heildareignum minnkuðu um þriðjung frá 2020.

Viðskiptavinir AwareGO muni tugfaldast

5 Ari Kristinn Jónsson, fráfarandi rektor Háskólans í Reykjavík, hefur tekið við sem forstjóri netöryggisfyrirtækisins. Sækir fjármagn til hraðs vaxtar á næstu misserum.

Dregið úr hvata til fjárfestinga í innviðum

5 Síminn gagnrýnir eftirlitsaðila fyrir að hafa ekki komið fram með neinar tillögur um eða lausnir á hvernig megi hraða eða standa að því að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins.

Spurt hvort svarta spáin muni rætast

6 Miklar vaxtahækkunar myndu þyngra vaxtabyrði ríkissjóðs verulega og leiða til samblands af auknu aðhaldi í ríkisrekstri og skattahækkana, segir Agnar Tómas Möller.

Sóttu þrjá milljarða til lyfjaþróunar

Fjórir fjárfestar leiða umfangsmikla hlutafjárúkningu EpiEndo sem freistar þess að koma fyrsta íslenska frumlyfinu á markað. **Sjá síðu 2**



EPIENDO
PHARMACEUTICALS

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

Taconic Capital lánar fjóra milljarða króna til lúxushótelsins við Hörpu

hordur@frettabladid.is

Bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem var stærsti hluthafi Arion banka um nokkurt skeið, kom að fjármögnun félagsins Cambridge Plaza Hotel Company, sem stendur að byggingu fimm stjörnu Marriot Edition-hótels sem er að rísa við Hörpu í Austurhöfn, á vormánuðum þessa árs.

Framkvæmdafjármögnunin er til skamms tíma í formi brúarláns að fjárhæð 32,6 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega fjórir milljarðar íslenskra króna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sú leið var talin ákjósanlegri fremur en að núverandi hluthafar, sem eru að stærstum hluta íslenskir fjárfestar, legðu til enn meira eiginfjárfestlag inn í verkefnið sem hefur tafist nokkuð vegna kórónafaraldursins og kostnaður því aukist.

Í árslok 2019, sama ár og upphaflega stöð til að hótelið myndi opna, var kostnaður við framkvæmdirnar áætlaðar um 20 milljarðar króna. Ráðgert er nú að hótelið muni opna undir lok þessa árs en það er alls um 17 þúsund fermetrar að stærð og herbergin verða yfir 250 talsins.

Félagið Mandólín er stærsti hlut-

32,6

Félagið fékk fjármögnun í formi brúarláns síðastliðið vor að fjárhæð um 32,6 milljónir Bandaríkjadala.

hafinn sem kemur að hótélverkefninu við Hörpu með 70 prósentu hlut en eigendur þess eru íslenskir lífeyrissjóðir, tryggingafélög ásamt ýmsum einkafjárfestum. Eftirstandandi 30 prósentu hlutur í félaginu sem heldur utan um byggingu hótelsins er í eigu bandaríska fasteignapróunarfélagsins Carpenter & Company en á meðal hluthafa þess er Eggert Dagbjartsson fjárfestir.

Vogunarsjóðurinn Taconic, sem seldi allan 24 prósentu hlut sinn í Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins, kom einnig að fjármögnun á skuldsettri yfirtöku félagsins Strengs, sem hjónin Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Ásgeir Jóhannesson og Sigurður Bollason fara meðal annars fyrir, á Skeljungu í byrjun ársins, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um. ■



Þetta er langsamlega stærsta fjármögnun EpiEndo frá stofnun félagsins 2014.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

EpiEndo landar nærri þremur milljörðum króna

Hlutfjárfestingar aukning upp á 3 milljarða króna, meðal annars frá sjóði í eigu stofnanda lyfjarisans Recipharm, gerir íslenska líftækniyrirtækinu EpiEndo kleift að þróa áfram frumlyf.

thorsteinn@frettabladid.is

Líftækniyrirtækið EpiEndo Pharmaceuticals hefur tryggt sér fjármögnun að fjárhæð 20 milljónir evra, jafnvirði tæplega 3 milljarða íslenskra króna, til þess að halda áfram klínískum rannsóknum á lyfi sem gæti orðið fyrsta íslenska frumlyfið.

Fjórir fjárfestar leiða hlutfjárfestinguna en það eru ABC Venture, sem er stýrt af Baldvini Valtýssyni og Ívari Guðjónssyni, framtakssjóðurinn Íðunn, sem leggur áherslu á fjárfestingar í lífvísindum og heilsutækni, og sænska fjárfestingafélagið Flerie Invest, sem er í eigu Thomas Eldered, stofnanda lyfjarisans Recipharm, og fjárfestingasjóðurinn EIC Fund, sem er í eigu Evrópusambandsins. EpiEndo hafði áður fengið 2,7 milljóna evra fjármögnun frá EIC fund í formi breytanlegs láns.

Þetta er langsamlega stærsta fjármögnun EpiEndo frá stofnun félagsins árið 2014 en alls hefur félagið safnað 31,4 milljónum evra, jafnvirði um 4,7 milljarða króna á núverandi gengi.

EpiEndo Pharmaceuticals er fyrsta íslenska fyrirtækið til þess að hefja klínískar rannsóknir á fólki vegna þróunar á frumlyfi. Ef fram fer sem horfir hefur frumlyfið EP395 möguleika á að verða fyrsta bólgueyðandi lyfið í töfluformi sem hægt er að nota til langtímameðferðar við langvinnri lungnateppu og síðar mögulega við öðrum langvinnnum öndunarferasjúkdómum, svo sem astma og berkjubólgu auk annarra bólgusjúkdóma. Langvinn lungnateppa er hins vegar aðalviðfangsefnið.

Í fyrsta fasa klínísku rannsóknanna fékk litill hópur sjálfboðaliða ýmist lyfleysu eða lítinn skammt af lyfinu sem var síðan aukinn í þrepum. Tilgangur þessara rannsókna var að meta hver örugg skammtastærð EP395 væri með tilliti til öruggis og aukaverkana.

„Næsta skref er að hefja fasa 2 þar sem hópur sjúklinga fær skammtastærðina sem var fengin úr fyrstu

”

Langvinn lungnateppa er þriðja algengasta dánarorsök í heimi og það er áætlað að markaður fyrir lyf gegn sjúkdóminum verði um 20 milljarðar Bandaríkjadala að stærð árið 2026.



Maria Bech, framkvæmdastjóri EpiEndo Pharmaceuticals.

rannsókninni,” segir Maria Bech, sem var ráðin framkvæmdastjóri EpiEndo fyrir á þessu ári. Hún hefur meira en 25 ára stjórnunarreynslu úr lyfjageiranum. „Það er mikilvægt að rannsaka öruggi og aukaverkanir lyfsins í sjúklingum áður en rannsóknir á skilvirkni þess fer fram.“

Maria er með MSc í sameindalíffræði frá Háskólanum í Lundi og hefur komið að þróun lyfja fyrir efnaskiptasjúkdóma, miðtaugakerfissjúkdóma, krabbamein, barnasjúkdóma og innkirtlasjúkdóma. Síðustu ár hefur Maria sinnt stöðu vísindastjóra hjá Smartfish AS og þar á undan var hún forstöðumaður klínískrar þróunar og aðalverkefnastjóri hjá Karo Bio AB. Auk þess hefur hún yfir 13 ára reynslu af því að leiða klínískar rannsóknir og stýra verkefnum hjá AstraZeneca og Pharmacia & Upjohn. Hún situr einnig í stjórnnum Iconovo AB, Paxman AB og Neuronano AB.

Hver er lykillinn að því að koma lyfi gegnum strangt og krefjandi samþykktarferli með litlu líftækniyrirtæki?

„Aðalatriðið er að sjálfsögðu að vera með sameind sem virkar en þú þarft einnig að vera með fólk sem skilur lyfjaþróun og regluverkið í kringum hana,” segir Maria. „EpiEndo er með frábært teymi sem hefur viðtæka reynslu af lyfjaþróun, sérstaklega í tengslum við öndunarferasjúkdóma,” segir Maria.

Er algengt að smærri líftækniyrirtæki fari alla leið og setji lyfið sjálf á markað?

„Ég hef tölurnar ekki fyrir framan mig en mín tilfinning er sú að þegar smærri lyfjafyrirtæki fá nýtt lyf samþykkt, eða komast langleiðina að því, sé algengast að þau séu keypt af stærri lyfjasamsteypum eða að þau selji markaðsleyfið og finni sér ný verkefni á sviði lyfjaþróunar. Lyfjaþróun er mjög kostnaðarsöm og tímafrek. Það eru ekki mörg dæmi um að smærri fyrirtæki fari alla leið og setji frumlyf sjálf á markað á heimsvísu,” segir Maria.

Það gæti tekið á bilinu átta til tíu ár að fá markaðsleyfi fyrir EP395 ef klínísku rannsóknirnar ganga vel. Verði það niðurstaðan er ljóst að íslenska fyrirtækið mun sitja á gríðarlega verðmætu leyfi.

„Langvinn lungnateppa er þriðja algengasta dánarorsök í heimi og það er áætlað að markaður fyrir lyf gegn sjúkdóminum verði um 20 milljarðar Bandaríkjadala að stærð árið 2026,” segir Maria. „Tækifærin eru því gríðarleg.“

Eftir fjármögnunina eru ABC fund, framtakssjóðurinn Íðunn, EIC fund og Flerie Invest stærstu hluthafar EpiEndo ásamt stofnandanum, Friðriki Rúnari Garðarssyni. Aðrir stórir hluthafar samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2020 eru Magnús Kristinsson útgerðarmaður, Torfi G. Yngvason, eigandi Airport Direct Iceland og Ólafur Björnsson, eigandi heilsdölnunar Innes.

EpiEndo var stofnað á Íslandi í janúar 2014, af Friðriki Rúnari, og byggði hann hugmyndafræði félagsins á rannsóknum sem gerðar voru í Háskóla Íslands á fyrsta áratug aldarinnar af Þórnari Guðjónssyni, prófessor í vefjafræði og deildarforseta Læknadeildar Háskóla Íslands, og dr. Ólafi Baldurssyni, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala.

Þeir birtu niðurstöður rannsóknar sem sýndu að sýklalyfið Azithromycin (Zithromax) hefði styrkjandi áhrif á þekjuna í öndunarferum. Lyfjasprotinn EP395 hefur verið hannaður sérstaklega með það að markmiði að fjarlægja sýkladrepandi eiginleikana samhliða því að efla bólgueyðandi virkni þeirra, þannig að hægt sé að nota það sem langtímameðferð við þrálátum bólgusjúkdómum án þess að upp komi ónæmir bakteríustofnar. ■

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is




Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

SITTU BETUR IVETUR



-30% af öllum stólum



**30%
AFSLÁTTUR**

ERGO MEDIC 100-2
TILBOÐSVERÐ
159.900 kr.
LISTAVERÐ **229.900 kr.**



**30%
AFSLÁTTUR**

HEADPOINT
TILBOÐSVERÐ
64.900 kr.
LISTAVERÐ **93.900 kr.**



**35%
AFSLÁTTUR**

SUPPORT
TILBOÐSVERÐ
20.400 kr.
LISTAVERÐ **31.400 kr.**
Hægt að kaupa arma sér



**30%
AFSLÁTTUR**

BJARG HB+
TILBOÐSVERÐ
118.900 kr.
LISTAVERÐ **169.900 kr.**



**30%
AFSLÁTTUR**

BJARG MB
TILBOÐSVERÐ
64.900 kr.
LISTAVERÐ **94.900 kr.**

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



Stóraukin fjárfestingaþörf hjá sjóðunum

Aukin fjárfestingaþörf lífeyrissjóða vegna uppgreiðslna á sjóðfélalánum gæti numið 150 milljörðum króna á ársgrundvelli.

thorsteinn@frettabladid.is

Uppgreiðslur á sjóðfélalánum lífeyrissjóða hafa skapað verulega fjárfestingaþörf hjá sjóðunum og má ætla að hún nemi um 150 milljörðum króna á ársgrundvelli.

Frá því í mars 2016 og þar til Covid skall á hér á landi í lok mars 2020 voru lífeyrissjóðirnir mjög umsvifamiklir í veitingu nýrra húsnæðislána og með álíka hlutdeild í veitingu nýrra lána og bankarnir.

Hrein ný útlán lífeyrissjóðanna, þ.e. ný útlán að frádregnum uppgreiðslum, á því þriggja ára tímabil námu samtals 386 milljörðum króna. Má segja að í hverjum mánuði hafi hrein útlán frá lífeyrissjóðunum til íbúðakaupenda numið u.þ.b. 5-10 milljörðum króna. Smám saman jókst hlutfall beinna íbúðalána í eignasafni lífeyrissjóðanna og hlutfeld sjóðanna á markaðinum jókst, aðallega á kostnað þáverandi íbúðalánasjóðs og bankanna.


„Þegar Covid skall á brást Seðlabankinn við yfirvofandi efnahagssamdrætti með því að lækka skammtímavexti, eiginfjárkröfur á bankana voru lækkaðar og bankaskattur var lækkaður,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í skuldabréfum hjá Arion banka.

„Þetta hafði m.a. þau áhrif að vextir, sérstaklega á breytilegum húsnæðislánum snarlækkuðu. Þar hafa bankarnir yfirhöndina gagnvart lífeyrissjóðum og því byrjuðu heimilin í stórum stíl að greiða upp íbúðalán hjá lífeyrissjóðunum en taka ný lán hjá bönkunum. Ný lánataka fór síðan fyrst og fremst fram í gegnum bankana.“

A örskömmum tíma breyttist umhverfið fyrir lífeyrissjóðina. Frá í mars 2020 og yfir í júlí 2020 þróaðist eftirspurn eftir íbúðalánum sjóðanna úr hreinum nýjum útlánum upp á sjö milljarða á mánuði yfir í hreinar uppgreiðslur upp á fimm milljarða.


„Í grófum dráttum hefur þessi þróun haldist æ síðan. Það er þó áberandi að heimilin virðast í auknum mæli hafa sóst eftir því að festi vextina, og tölur fyrir júní, sem eru nýjust opinberu mánaðartölurnar, umtalsvert hærri hrein íbúðalán á föstum vöxtum heldur en breytilegum,“ segir Stefán Broddi.

A liðnum tólf mánuðum nema hreinar uppgreiðslur íbúðalána til lífeyrissjóðanna samtals 62 milljörðum króna eða að meðaltali um




FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Sveiflan - breytingar í flæði vegna hreinna sjóðfélalána T12



Hrein ný útlán lífeyrissjóðanna - T12



Sjóðfélalán sem hlutfall af heildareignum lífeyrissjóða náðu hámarki í 11 prósentum í byrjun árs 2020 en eru nú komin niður í 8 prósent.

fimm milljörðum á mánuði.

„Við erum með stórt og öflugt lífeyriskerfi sem setur sér herra ávöxtunarviðmið heldur en íbúðalán á breytilegum vöxtum standa undir. Þessar uppgreiðslur bætast við hreint innflæði iðgjalda og afborganir, vexti og arðgreiðslur sem lífeyrissjóðirnir þurfa jafnframt að endurfjárfesta.“

Fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna er nokkuð breytileg ár frá ári en Stefán Broddi áætlað að hún sé líklega 300 milljarðar á ári. Síðustu tólf mánuði hafa hreinar uppgreiðslur sjóðfélalána bæst við þá fjárhæð í stað þess sem áður var að sjóðfélalán kölluðu á fjárfestingu frá lífeyrissjóðunum.

Efmiðað er við hreinar uppgreiðslur síðustu tólf mánaða, um 60 milljarðar króna, og lánveitingar þeirra þegar umsvifin voru sem mest, um 5-10 milljarðar króna á mánuði, má

segja að sveiflan á ársgrundvelli nemi um 150 milljörðum króna.

Samhliða lækkar hlutfall sjóðfélalána sem hlutfall af heildareignum lífeyrissjóða. Það var í hámarki í 11 prósentum í byrjun árs 2020 en eru nú komin niður í 8 prósent.

„Ég held að það sé ekkert metnaðarmál lífeyrissjóðanna að lækka hlutfall sjóðfélalána. Þvert á móti held ég að þeir vilji gjarnan halda áfram að fjármagna innlenda húsnæðismarkað eins og þeir hafa gert í áratugi. Það hafa þeir gert bæði með beinum íbúðalánum og markaðsbréfum með veði í íbúðarhúsnæði,“ segir Stefán Broddi.

Í núverandi lágvaxtaumhverfi hafa lífeyrissjóðirnir hins vegar dregið úr vægi þeirra eignaflokka sem bera lægsta vexti eins og íbúðalán, lán með veði í íbúðarhúsnæði og ríkistrygð skuldabréf.


Tölur Seðlabanka Íslands sýna að hlutfall erlendra eigna af heildareignum lífeyrissjóða er komið í 34 prósent og hefur líklega aldrei verið hærri. Innlend hlutabréf eign sjóðanna hefur aukist sömuleiðis og er komið í 14,8 prósent af heildareignum. Það hefur ekki verið eins hátt síðan árið 2007.

Þá eru lífeyrissjóðirnir sífellt virkari þátttakendur í fjármögnun fyrirtækja og í nýsköpun með beinni fjárfestingu í markaðsskuldabréfum eða fjárfestingu í sjóðum. ■

Innlend hlutabréf af heildareignum



Sjóðfélalán, af heildareignum



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

— síðan 1987 —

Kynnisferðir töpuðu 477 milljónum

helgivið@frettabladid.is

Tap Kynnisferða jókst úr 204 milljónum króna árið 2019 í 477 milljónum króna árið 2020. Tekjurnar drögust saman um helming á milli ára og námu um fjórum milljörðum króna í fyrra. Þetta kemur fram í ársreikningi.

Eigið fé Kynnisferða var 577 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var átta prósent. Kynnisferðir rekur rútur, bílaleigu og skipuleggur ferðir.

Fram kemur í ársreikningi að reksturinn hafi einkenast af áhrifum af Covid-19 heimsfaraldursins. Á milli ára hafi verið 80 prósent samdráttur í fjölda farþega í millilandaflugi. Til að bregðast við stöðunni hafi verið gripið til stórtækra aðgerða til að komast í gegnum langvarandi hiðisástand og skerta starfsemi. Þetta fól í sér niðurskurð í rekstri og breytingar á skipulagi.



Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða.

MYND/ADSEN

Markmiðið sé að tryggja samfelli í grunnrekstri ásamt því að viðhalda þeim sveigjanleika sem til þarf til að skala fljótt upp starfsemina þegar ferðaþjónusta nær sér á strik.

Auk þess kemur fram að gert sé ráð fyrir lítills háttar viðsnúningi á rekstrinum í ár og að eftirspurnin nái fyrri hæðum á árinu 2023.

Alfa, þar sem Einar Sveinsson er stjórnarformaður, á 65 prósent hlut í Kynnisferðum og framtaksjóður á vegum Stefni, SF VII, á 35 prósent hlut. Sjóðurinn keypti hlutinn árið 2015 af Alfa. Hlutur SF VII í Kynnisferðum var bókfærður á 406 milljónum króna við lok árs 2020. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 18. ágúst 2021



Lil Wayne bauð bjargvættinum fjárhagsaðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lögga bjargaði lífi Lil Wayne

oddufreyr@frettabladid.is

Bandaríski rapparinn Lil Wayne opnaði sig nýlega um tilraun sína til sjálfsvígs þegar hann var tólf ára gamall og segir að lögreglumaður að nafni Robert Hoobler, sem hann kallar Bob frænda, hafi bjargað lífi sínu. Wayne sagði frá þessu í YouTube-þættinum Uncomfortable Conversations with Emmanuel Acho.

Wayne notaði byssu móður sinnar til að reyna að fremja sjálfsvíg en fyrst hringdi hann í lögregluna. Svo sótti hann vopnið, horfði í spegil og togaði í gikkin.

„Ég skaut mig í bringuna. Ég miðaði á hjartað. En ég fann ekki fyrir neinu af því að ég var í losti,“ sagði Lil Wayne. „Ég vaknaði við að lögreglan var að banka. Það tók of langan tíma að deyja.“

Bauð fjárhagsaðstoð

Wayne segir að nokkrir lögreglumenn hafi stigið yfir hann til að leita í húsinu en „Bob frændi“ hafi sagt: „Sjáið þið ekki barnið á gólfinu með gat í bringunni?“ Svo tók hann Wayne upp og sagði sífellt; „þú ert ekki að fara að deyja hjá mér“ og fór með hann á spítalann.

Wayne hitti Bob mörgum árum síðar og þá sagði Bob: „Ég er bara ánægður að sjá að ég bjargaði lífi sem skipti máli.“ Þeir félagar hittust svo aftur árið 2019 og þá bauð Wayne honum fjárhagsaðstoð ef hann þyrfti á henni að halda, en Bob hefur ekki þegið það boð. ■



Svavar Sigursteinsson er þjálfari hjá Sporthúsinu og mælir með fyrir alla skjólstaðinga sína að nota AstaFuel og AstaEnergy.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

AstaEnergy fyrir 16:8 föstur

Svavar Sigursteinsson er einn reyndasti þjálfari landsins og venjulega byrjar hann daginn kl. 05.20. „Ég byrja að þjálfra fyrstu kúnnana mína klukkan 6 á morgnana,“ segir Svavar. **2**

TARAMAR



HEALING TREATMENT

Græðir brennda húð

www.taramar.is

„Ég kalla fyrsta hóp dagsins „sexurnar“, en þetta er ofurduglegur hópur af konum og körlum á besta aldri sem tekur vel á því en þó er alltaf stutt í hláturinn.“

Síðan er ég með nokkra einstaklinga í einkaþjálfun sem dreifast jafnt yfir daginn.

Í hópatímum mínum eru allt að átta saman, sumir hópar byrja snemma á morgnana en aðrir eru í hádeginu. Í hópunum þekkjast ekki allir þegar þeir byrja, en það gerir þetta bara skemmtilegra því að með tímanum kynnist fólk og myndast oft góður vinskapur.“ segir Svavar Sigursteinsson, einkaþjálfari hjá Sporthúsinu.

Seinni hluta dags er Svavar oft í fjölbreyttum og skemmtilegum ljósmyndaverkefnum.

„Ég hef meðal annars verið að taka myndir fyrir KeyNatura, en þar fæ ég tækifæri til að blanda saman áhuga mínum á heilsuvörum, líkamsrækt og ljósmyndun. Fjölbreyttur hópur af frábæru íþróttafólki notar vörur KeyNatura og eru ljósmyndaverkefnið því fjölbreytt og skemmtileg.“

Mælir með AstaFuel og AstaEnergy

Aðspurður hvort hann mæli með fæðubótarefnum eða ákveðnu mataræði fyrir viðskiptavini sína segist Svavar fá fólk til að skila matardagbók svo hægt sé að sjá hvað sé hægt að bæta.

„Ég mæli alltaf með að takmarka sykur eins mikið og hægt er. Fyrir fólk sem vill léttast mæli ég með láglöskvetna og 16:8 mataræði en þá er fólk að fasta í sextán klukkutíma og hefur átta tíma til að klára máltíðir dagsins.“

Margir af mínum viðskiptavinum mæta á morgunæfingu á fastandi maga. Ég mæli alltaf með



Astaxanthin segir Svavar að sé gott fyrir þolið, minnki harðsperrur og að fólk er fljótara að jafna sig eftir æfingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ad fá sér einn skammt af AstaFuel og tvö hylki af AstaEnergy frá KeyNatura fyrir morgunæfinguna en það brýtur ekki föstuna, gefur fólki orku fyrir æfinguna og flottan dagsskammt af Astaxanthin. Astaxanthin er sterkasta andoxunarefni sem fyrirfinnst í náttúrunni, það er gott fyrir þolið, minnkar harðsperrur og fólk er fljótara að jafna sig eftir æfingar, sem þýðir að ég get hannað aðeins erfiðari æfingar,” segir Svavar.

„Annars er ég með alls konar fólk í þjálfun, allt frá fólki sem er að taka fyrstu skrefin í ræktinni og upp í vel þjálfað íþróttafólk. Fyrir suma er nóg að mæta á einn fund með



mér og fara síðan í fjarþjálfunarprógram en öðrum finnst betra að mæta og fá persónulega þjálfun. Ég fer alltaf varlega af stað með fólk sem er að byrja eftir langt hlé. Það er alltaf betra að byrja hægar og gefa svo í með tímanum í stað þess að byrja of geyst og hætta að æfa því æfingarnar eru of erfiðar.“ ■

Fyrir þjálfun er hægt að hafa samband í gegnum tölvupóstinn svavar@twi.is. KeyNatura vörurnar fást í öllum betri apótekum, heilsuvöruverslunum, matvörubúðum og í netverslun KeyNatura á keynatura.is.

Mun taka AstaSkin það sem eftir er

Elin Guðrún Jóhannsdóttir byrjaði að taka AstaSkin í mars 2019 og segir áhrifin hreint út sagt ótrúleg, en meðal þess sem hún nefnir er að hún hvorki brann né var bitin af lúsmýi það sumarið.

Elin, sem hefur starfað sem naglafræðingur í tuttugu ár, heyrði fyrst af AstaSkin í gegnum vinnuna.

„Ég var að vinna við að gera neglur árið 2019 og heyrði af AstaSkin og að neglurnar yxu svo hratt hjá þeim sem voru að taka þetta inn svo ég ákvað að prófa það sjálf af því að ég er að gera neglur. Ég var með mjög þunnar neglur og ákvað að benda konunum mínum sem eru með þunnar neglur á að prófa að taka þetta inn og sjá hvort þær styrktust ekki, sem þær gerðu og vel það,” segir Elin.

„Þær eru tvær sem hafa tekið þetta inn og neglur þeirra hafa þykknast verulega. Önnur þeirra ákvað svo að hætta að koma til mín eftir að Covid-hömlurnar komu til sögunnar. Hún er núna bara með sínar eigin, þær voru orðnar svo fínar.“

Hlýtur að vera AstaSkin

Áhrifin af inntöku AstaSkin komu Elinu á óvart.

„Síðan ákvað ég að prófa að halda áfram að taka þetta eftir fyrsta mánuðinn sem var í mars 2019. Um sumarið áttaði ég mig svo á því hvað ég var rosalega góð í húðinni og hafði ekkert brunnið í sólinni. Ég á það til að brenna illa, en það gerðist bara ekki. Ég á litinn kofa fyrir austan fjall og í lúsmýinu í fyrra fékk ég ekki eitt einasta bit og þótti það afar merkilegt, það var mikið mý og ég var alveg látin í friði. Krakkarnir mínir voru með mér ásamt systur mínum og frændsystkinum og þau voru öll að spreypja sig á meðan ég hló bara



Elin Guðrún Jóhannsdóttir segir að bæði AstaSkin og AstaEye hafi reynst sér mjög vel. Með notkun AstaSkin hefur hún losnað við bit frá lúsmýi, sólbruna, bletti í húðinni og fengið heilbrigðara sogæðakerfi og hár. AstaEye hefur svo hjálpað henni með þurrk í augum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

ad þeim og hugsaði með mér: Þetta hlýtur að vera AstaSkin,” segir Elin og skellir upp úr.

„Mér finnst þetta mjög merkilegt vegna þess að þetta er það eina sem ég er að gera. Ég hef ekki notað sólarvörn en samt ekkert brunnið. Það er annað sem ég vil líka nefna, ég er 62 ára og var byrjuð að fá húðbletti en eftir að ég byrjaði að taka inn AstaSkin fóru þeir að dofna og jafnvel hverfa. Ég var með svona bletti í andlitinu og þeir eru farnir.“

AstaEye einnig árangursríkt
Elin nefnir einnig jákvæð áhrif á sogæðakerfið og hárið.



„Ég var líka alltaf bláköflótt á lærunum, það er held ég í fjölskyldunni, en það er líka farið. Svo hef ég alltaf verið með mikið hárlos því ég er hrokkinhærð og AstaSkin er búið að vera algjör snilld hvað það snertir.“

Eftir ánægjulegan árangur af AstaSkin ákvað Elin að prófa fleiri vörur frá KeyNatura.

„AstaSkin virkaði svo vel svo ég byrjaði að taka AstaEye. Ég fékk rafsúðblindu árið 2001 og hef verið þurr í augunum síðan þá.“

Hún segir árangurinn af AstaEye ekki síður markverðan.

„Það er líka að virka, ég

hélt að ég myndi hreinlega breytast í þörung,” segir hún og hlær. „Ég tek ekki nein vítamín eða nokkuð annað inn.“

Áskrift

Fyrir nokkru ákvað Elin að fara í áskrift og mælir hún heilshugar með því fyrirkomulagi.

„Ég er í áskrift og það er rosalega þægilegt. Það kemur bara í póstkassann, sem er bara algjör snilld.“

Þá er hún ekki í nokkrum vafa um framhaldið. „Ég ætla að taka inn AstaSkin það sem eftir er ævinnar.“ ■

REXTON

ÞÚ GRÍPUR ÞAÐ ÞÝÐINGARMESTA MEÐ **M-CORE**



Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.



Meira jafnvægi og mun orkumeiri

Hera Garðarsdóttir hefur mikinn áhuga á nýtingu á jurtum til heilsubótar. Þegar hún fer í ferðalög á sumrin tekur hún jurtabókina oftast með sér og les sér til og skoðar jurtir í náttúrunni.

Hera er sérstaklega hrifin af burnirót og hefur þess vegna tekið inn meiri orku frá ICEHERBS. Bætiefni sem unnið er úr burnirót og fjallagrös.

„Burnirót er frábær jurt og fólk ætti svo sannarlega að lesa sér til um hana. Ég hef notað hana við orkuleysi og þreytu. Til dæmis vegna vefjagigtar. Ég finn fyrir jafnari orku þegar ég tek hana inn þannig að eftir vinnu þá hef ég alveg orku í klukkutíma gönguferð,“ segir Hera.

„Ég vinn skrifstofuvinnu, við bókhald, og mér finnst þetta líka hjálpa til við einbeitingu. Ég fæ meira jafnvægi og er orkumeiri bæði andlega og líkamlega. Maður verður nefnilega alveg þreyttur af að sitja við skrifborðið og vill ekkert endilega fara að hreyfa sig eftir að hafa setið allan daginn. En meiri orka hjálpar. Burnirótin er bara alveg mögnuð jurt.“

Hera segist yfirleitt nota bætiefni meira á veturna þegar þyngri er yfir og orkuleysið fer að segja til sín.

„Ég segi oft að fólk vissi alveg hvað það var að gera á árum áður þegar það notaði jurtir til lækningar. Burnirótin er sérstaklega spennandi jurt en það er oft erfitt að nálgast hana. Hún vex ekkert bara við veginn. Þess vegna er gott að geta nálgast hana í bætiefniformi,“ segir hún.

„Ég hef líka verið að taka inn Sofðu rótt frá ICEHERBS sem inniheldur magnolíu. Mér finnst það



Hera finnur aukna orku þegar hún tekur inn Meiri orku frá ICEHERBS.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

áhugaverður valkostur og sjálf-sagt að prófa það áður en maður fer að taka lyf við svefnvandamálum.“

Aukin orka og minna stress

Meiri orka frá ICEHERBS er öflug blanda íslenskrar burnirótar og íslenskra fjallagrása. Burnirót er ein magnaðasta lækningajurt sem vex hér á landi og eitt best geymda leyndarmál jurta-rikisins. Jurtin vex og dafnar á norðlægum og viltum slóðum og er því mjög þrautseig jurt. Hún er kölluð norrænt ginseng, enda þekkt fyrir einstök áhrif á aukna orku, einbeitingu og úthald.



Burnirótin er handtínd á Íslandi, þurrkuð, verkuð og mulin. Burnirót inniheldur hátt innihald virkra efna sem hafa áhrif á andlegt jafnvægi og virka almennt hressandi og örvasandi. Latneskt heiti Burnirótar er Rhodiola rosea og eru rætur hennar skilgreindar sem adoptagen, sem þýðir að jurtin hjálpar líkamanum að takast á við stress.

Burnirót hefur einstaka eiginleika sem vörn gegn þreytu og stressi. Talið er að hin mikla aðlögunarhæfni jurta-riðinnar sem vex allt árið sé megin ástæða þessara eiginleika.

Ég fæ meira jafnvægi og er orkumeiri bæði andlega og líkamlega. Maður verður nefnilega alveg þreyttur af að sitja við skrifborðið og vill ekkert endilega fara að hreyfa sig eftir að hafa setið allan daginn. En meiri orka hjálpar.

Hera Garðarsdóttir.

Jurtin er talin hafa ein bestu áhrif á andlegt jafnvægi eins og einbeitingu, athygli, gleði og kynhvöt, sem um getur og er sú jurt sem hefur hvað flestar klínískar rannsóknir á bak við sig.

Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýttist viðskiptavinum vel, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og eru vörurnar framleiddar hér á landi. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Einnig hefur ICEHERBS opnað nýja vefverslun þar sem hægt er að panta bætiefni. www.iceherbs.is

Göngum til gleði

Hefur þú einhvern tíma veigrað þér við að fara í lengri fjallgöngu vegna þess að þú færð alltaf blöðrur og særindi á fæturla? Göngugarpar eiga ýmis ráð undir rífi hverju þegar kemur að því að koma í veg fyrir blæðandi blöðrusár.

johannamaria@frettabladid.is

Fjallgöngur og göngur eru frábær leið til þess að kynna landinu okkar, fá smá frískt loft í lungun, þústa aðeins og koma hjartslættinum í gang. Flest sem hafa stundað einhverjar göngur hafa lent í því að fá slæmt hælssæri og þurft að haltra stóran hluta leiðarinnar vegna sársaukafullrar blöðru eða annarra fótasærinda. Stundum tekst að gleyma sársaukanum um stund en um leið og sest er niður í nestispásur eða álagið verður óhagstætt, blossar sársaukinn upp og það reynist erfitt að njóta útiverunnar eins og best yrði á kosið.

Ýmislegt er þó hægt að gera til þess að koma í veg fyrir blöðrumyndun og með þessum ráðum ættu flest að geta skundað út í göngutúr.

Krem á býfurnar

Þurrir og skorpnrir fætur geta verið vandamál þegar farið er í lengri göngur. Ef Fimmvörðuhálsinn er á planinu eða annað þá er ekki slæm hugmynd að bera á sig gott fótakrem daglega um það bil viku fyrir göngu.

Kvartandi kartneglur

Klipptu tãneglurnar. Tãneglurnar



eru nefnilega oft eitthvað sem gleymist að huga að enda eitthvað sem er kannski ekki fyrir augunum á manni allan daginn. En langar tãneglur geta verið til mikils ama í löngum göngum og sérstaklega á niðurléidinni þegar þær rekast fremst í skóinn. Ef álagið er nógu mikið nógu lengi á tãneglurnar geta þær marist. Einnig geta blöðrur myndast undir nöglunum sem veldur því að þær detta af. Því er góð regla að klippa tãneglurnar í minnsta lagi nokkrum dögum áður en lagt er af stað.

Nesti og gamla skó

Það er algert lyklatríði að ganga

í skóm sem þér liður vel í. Ekki er ráðlegt að kaupa nýja skó fyrir lengri göngur sem hafa aldrei verið gengin til. Nýir gönguskór, eins og allir skór raunar, eru ávísun á blöðrur. Ef það á að kaupa eitthvað nýtt, þá er mælt með því að kaupa nýja sokka. Gamlir sokkar geta nefnilega, eins og nýir skór, aukði líkur á ýmsum fótavanda.

Á sokkaleistunum

Gönguleiðir eru jafn ólíkar og þær eru margar. Á mörgum gönguleiðum er þörf á að stikla á steinum til að komast yfir ár og lækjarsprænur. Það eru ekki allir jafnfótafráir og stundum eru

steinar sleipir eða illa staðsettir í ánum sem gerir það nær ómöglegt að komast yfir sprænurnar án þess að blotna í fæturla. Gott ráð er að ferðast með að minnsta kosti eitt auka sokkpar til skiptanna. Ef skórnir eru ekki vel vatnsheldir er ekki slæm hugmynd heldur að kippa með tveimur plastpokum til að smeygja utan um þurru sokkana innan undir skóna. Því blautir fætur eru algert eitru þegar kemur að fótahælsu. Blautur fótur nuddast í blauta sokka og hælssæri eru nánast óhjákvæmileg. Ef gangan tekur fleiri daga þá er lyklatríði að leyfa iljunum og skónum að anda við hvert kvöldstopp.

Það er góð regla að leyfa býfunum að anda smá ef veður leyfir. Því það er eins með góð ástarsambönd og skó og fætur. Það þurfa allir smá einveru stundum.

Ef álagið er nógu mikið nógu lengi á tãneglurnar geta þær marist. Einnig geta blöðrur myndast undir nöglunum sem veldur því að þær detta af.

Teipuð velgengi

Ef fólk er gjarnt á að fá nuddsár á ákveðnum stöðum við göngur þá er gott ráð að byrja á að teipa þau svæði bara undir eins, áður en gangan hefst. Margir eru hrifnir af second skin plástrum á meðan aðrir nota silkiteip. Hvort tveggja fæst í apótekum og geta skipt sköpum fyrir fótahælsu á göngu.

Hik er sama og tap

Ef svo óheppilega vill til að þú finnr fyrir einhverjum særindum í göngunni, þá skaltu hugsa þig tvisvar um að hunsa þau. Ef þú finnr fyrir einhverjum núningi snemma á göngu þá er algerlega ljóst að það verður orðið að sári um miðja göngu. Því er þjóðráð að tækla það sem allra fyrst og teipa svæðið vel þar sem nuddið á sér stað. ■

Rektor HR tekur við sem forstjóri AwareGO

Horfa til þess að fjöldi viðskiptavina AwareGO muni tugfaldast. Safna fé til vaxtarins frá íslenskum og erlendum fjárfestum.

helgivifill@frettabladid.is

Netöryggisfyrirtækið AwareGO, sem meðal annars er í eigu Eyrís Invest, stefnir á að sækja fjármagn til hraðs vaxtar á næstu misserum. Íslenskum fjárfestum sem erlendum verður boðin þátttaka. Þetta segir Ari Kristinn Jónsson, fráfarandi rektor Háskólans í Reykjavík (HR), sem taka mun við starfi forstjóra AwareGO um mánaðamótin af Ragnari Sigurðssyni, einum stofnenda fyrirtækisins, sem mun starfa áfram hjá því. Þórður Magnússon, aðaleigandi Eyrís Invest, er stjórnarformaður AwareGO.

Hvers vegna ferðu frá því að reka glæsilegan háskóla í að stýra litlu sprotafyrirtæki?

„Ég hef starfað lengi hjá HR, gekk til liðs við háskólann árið 2007 og hef verið rektor frá janúar 2010. Það starf hefur gengið afskaplega vel og HR stendur vel að vígi í dag. Ég hef hins vegar alltaf haft áhuga á sprotastarfsemi og nýsköpun. Það má að hluta til rekja til þess að ég varði sextán árum í Kisildal, fyrst sem nemandi við Stanford-háskóla og síðar starfaði ég við þróun gervigreindar hjá NASA, geimferðastofnun Bandaríkjanna. Frá því að ég sneri aftur til Íslands hef ég verið viðloðandi sprota með ýmsum hætti. Ég hef verið stjórnarformaður Videntifier Technologies frá stofnun fyrirtækisins árið 2008. Það þróar tækni til að greina myndefni og lögreglan nýtir meðal annars til að berjast gegn ólöglegu efni eins og barnaklámi og Facebook notar til að vinna gegn því að höfundarréttarvörðu efni sé dreift á samfélagsmiðlinum. Auk þess hef ég aðstoðað fleiri sprotafyrirtæki og unnið með stjórnvöldum og grasrótarhópum við uppbyggingu frumkvöðlaumhverfisins hérlandis. Ég hef því ríkan áhuga á að sjá góðar hugmyndir verða að veruleika og hafa jákvæð áhrif á umheiminn. Þegar mér bauðst að stýra AwareGO kynnti ég mér málið vel og komst að því að um væri að ræða kjörð tækifæri til að stökkva á,“ segir Ari Kristinn.

AwareGO aðstoðar fyrirtæki við að vernda tölvukerfi og gögn með því að þjálfa starfsfólk til að bregðast með réttum hætti við tilraunum til innbrota. „Reglulega birtast fréttir um að gögn eða tölvukerfi fyrirtækja hafi verið hertekin af tölvuþrjótum. Mannlegi þátturinn er veikasti hlekkurinn í tölvuvörnum. AwareGO þjálfar starfsfólk í tölvu- og gagnaöryggi til að það gefi til dæmis ekki óvart frá sér lykilorð eða hleppi inn óæskilegum hugbúnaði.



Ari Kristinn Jónsson var sextán ár í Kisildalnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ÓTTAR GEIRSSON

Einu mistökun eru að reyna ekki

Ari Kristinn var sextán ár í Kisildal, þangað sem mörg af þekktustu nýsköpunarfyrirtækjum heimsins eiga rætur að rekja. „Þar má frumkvöðlum mistakast. Orðspor þeirra biður ekki hnekkir heldur er lítið svo á að þeir hafi lært mikið af vegferðinni og séu því vel í stakk búnir til að fara af stað með næstu hugmynd. Staðreyndin er sú að við lærum ekkert minna af mistökum en velgengni. Hugafarið er að breytast í þessa átt hér á landi og víðar í Evrópu. Stokkhólmur er til dæmis orðin uppspretta glæsilegra nýsköpunarfyrirtækja. Ég á mynd heima sem konan mín gaf mér. Á henni stendur: „Einu mistökun eru að reyna ekki“,“ segir hann.

Jafnframt hefur AwareGO þróað hugbúnað sem greinir hvar hætturarnar leynast hjá hverju fyrirtæki, til dæmis hjá hvaða deild, og veitir starfsmönnum videigandi þjálfun til að hægt sé að stoppa í götin,“ segir hann.

Ari Kristinn segir að það sem hafi vakað fyrir honum og þeim sem buðu honum starfið sé að hann hefði þekkingu og reynslu sem nýttist fyrirtækinu vel. Hann sé menntaður í tölvunarfræði og hafi starfað lengi við menntun og þjálfun. Ari Kristinn er með doktorspróf í gervigreind frá Stanford og meistaraþróf í tölvunarfræði frá sama skóla.

AwareGO þjálfar starfsfólk með stuttum myndböndum. „Þau fanga athygli fólks og hafa raunveruleg áhrif á hegðun starfsmanna. Mörg kennslumyndbönd eru þurr og alvarleg en við reynum að skemmta fólki samhliða þjálfuninni.“

Er mikil samkeppni á þessum markaði?

„Það ríkir mikil samkeppni í tölvuöryggisgeiranum. Þekktustu

fyrirtækin á því sviði bjóða vél- og hugbúnaðarlausnir til að koma í veg fyrir tæknileg innbrot en fæst þeirra sinna mannlega þættinum. Á þeim markaði felast mikil tækifæri og tímasetning til að sækja fram er hárrétt núna. Fyrir um áratug beindist öll athygli í tölvuöryggismálum að tæknilausnum en nú beinist kastljósið í ríkar mæli að mannlega þættinum og þar bjóðum við upp á bestu lausnina.“

Nú er AwareGO að safna fé til vaxtar. Hve hratt telurðu að fyrirtækið geti vaxið á næstu árum?

„Ég tel að við getum vaxið afar hratt, veltan mun margfaldast. Við erum í þeirri stöðu að geta tvöfaldað viðskiptavinafjöldann á skömmum tíma. Ef við getum það nokkrum sinnum verður margfeldið mikið. Við ættum að geta tugfaldað fjölda viðskiptavina og notenda. Við getum vel staðið undir því.“

Á meðal viðskiptavina AwareGO eru Credit Suisse, Barclays, General Electric og Mondelez Inc, einn stærsti matvöruframleiðandi í



Ég tel að við getum vaxið afar hratt, veltan mun margfaldast.

Ari Kristinn Jónsson, forstjóri AwareGO.

Hitt er að við höfum náð miklum árangri í gæðum og framþróun kennslu. Eftirspurn eftir því að nema við HR fer stöðugt vaxandi. Allar úttektir, vottanir og skýrslur sýna svo að við erum á réttri leið. HR er til dæmis efstur íslenskra háskóla á lista Times Higher Education. Okkar hlutverk er að mennta fólk á þann veg að það nýtist til að skapa verðmæti í atvinnulífnum og auka lífsgæði í samfélaginu.“

Að því sögðu, hvernig er menntakerfið að standa sig í að mennta fólk til að starfa við tækni og nýsköpun? Tæknifyrirtæki eiga í alþjóðlegri samkeppni og þurfa því vel menntað starfsfólk til að fóta sig.

„Nemendur á Íslandi eru heilt yfir góðir en það eru þættir í skólastarfinu þar sem gera mætti betur. Það þarf að styrkja grunn nemenda fyrir háskólanám, ekki sist tækninám, á fyrri skólastigum. Að sama skapi þarf að vekja áhuga nemenda í grunn- og framhaldsskólum á tækni og viðskiptum. HR hefur unnið markvisst að því. Til að tryggja gæði náms og að verið sé að miðla nýjustu þekkingu er mikilvægt að innlendir menntastofnanir eigi í alþjóðlegu samstarfi. Jafnframt þarf að brjótast út úr þeim hugsunarhætti, sem ríkir víða um heim, að verið sé að mennta fólk til ákveðinna starfa. Það þarf að mennta nemendur fyrir fjölbreytt áveiskeið í atvinnulífnum. Ungt fólk leitast eftir því að vinna að fjölbreyttum verkefnum en það mun óhjákvæmilega skipta um störf vegna tæknibreytinga því heimurinn er að breytast hratt.“ ■

Stefna eftirlitsaðila dregið úr hvata til fjárfestinga í innviðum

hordur@frettabladid.is

Síminn gagnrýnir eftirlitsaðila fyrir að hafa ekki komið fram með neinar tillögur um eða lausnir á hvernig megi hraða eða standa að því að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins. Vegna þess að markaðslegar forsendur eru ekki fyrir hendi eru enn fjölmargir þéttbýlisstaðir þar sem ekki hefur verið lagður ljósleiðari og engin áform liggja fyrir um hvenær slíkar framkvæmdir muni eiga sér stað.

„Stefna eftirlitsaðila frekar dregið úr hvata til fjárfestinga og þannig hægt á hugsanlegum verkefnum. Þessi framkvæmd er eðlilega óásættanleg,“ segir í umsögn Símons vegna

Grænbókar um fjarskipti.

Dótturfélag Símons er Mila sem er heildsöluafyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst starfsemi þess í að byggja upp og reka innviði fjarskipta.

Í umsögn Símons er nefnt að mögulegt sé að vinna í áttina að því að gera fjárfestingar í minni sveitarfélögum fýsilegri með því að opna fyrir skýrari reglum um heimild fyrir langtíma samninga milli heildsölu- aðila og smásöluadila. „Þannig má minnka áhættuna í fjárfestingum og auka líkurnar á því að þær verði að veruleika án þess að ríkið þurfi að leggja til fjármagn. Með því að draga úr áhættunni ætti verðlagning að vera lægri en ella og ekki síður auknar líkur á því að fjárfestingin



Orri Hauksson, forstjóri Símons.

eigi sér stað á annað borð,“ segir í umsögninni.

Sækja mætti þar fyrirmyndir úr raforkufjárfestingum eða slíkum verkefnum þar sem samningar eru iðulega til lengri tíma. „Að mati Símons er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem ríki og sveitarfélög hafa sýnt

sig reiðubúin að fara í samkeppni við einkaaðila um ljósleiðarafjárfestingar.“

Þá bendir fjarskiptarisinn á það í umsögn sinni að hann telji árið-andi að „unnið [sé] að lausn í samstarfi við markaðsaðila, sem er til þess fallin að búa til jákvæða hvata til fjárfestinga og þannig dregið úr þörfinni fyrir íþyngjandi reglur eða fjárhagsleg inngríp með ríkisaðstoð.“

Síminn telur einnig brýnt að settar verði fram reglur af hálfu hins opinbera um heimild aðila til þess að vinna sameiginlega að fjárfestingum í innviðum fjarskipta.

„Það hefur lengi verið í stefnu í fjarskiptamálum hins opinbera að

efla samnýtingu en í framkvæmd hafa eftirlitsaðilar frekar verið misvísandi og með mismunandi skilaboð. Telur Síminn nauðsynlegt að það sé skýrt hvert svigrúm sé til samstarfs og hvaða reglur eigi að gilda um slíkt samstarf. Óvissa og loðin svör eftirlitsaðila leida frekar til þess að samvinna eigi sér ekki stað vegna óvissu um viðbrögð og jafnvel refsingar eftirlitsaðila löngu eftir að samstarf er hafið,“ segir í umsögninni.

Þá bætir Síminn við að ef hinu „opinbera sé alvara um að efla samnýtingu í innviðum þarf skýr fyrir-mæli um að samnýting sé heimil og aðilar geti fengið staðfestingu áður en ráðist er í framkvæmdir.“ ■

Skotsilfur



Innlegg Björns



Björn Zoëga

forstjóri
Karolinska
háskóla-
sjúkrahússins.

Nýlegt viðtal við Björn Zoëga, forstjóra Karolinska háskóla-sjúkrahússins í Stokkhólmi, var mikilvægt innlegg í umræðuna um rekstur Landspítalans, sérstaklega í ljósi þess að kosningar eru á næsta leiti. Ólíkt því sem margir stjórn-málamenn, einkum í stjórnarand-stöðunni, halda fram, er lausnin ekki alltaf sú að ausa peningum í vandamálið. Þrátt fyrir yfirgrips-miklar uppsagnir á Karolinska hafa umsvif spítalans aldrei verið meiri. Að sögn Björns skipti mestu máli að skilgreina starfsemina upp á nýtt þannig að hún væri fyrir sjúkl-ingana. Málflutningur hans slær öll vopn úr höndum yfirstjórnar Landspítalans og annarra sem vilja nýta sér ástandið í pólitískum tilgangi. ■

UFS-væðing



Lilja Björk Einarsdóttir

bankastjóri
Landsbankans.

Landsbankinn auglýsti á dög-
unum nýtt starf
innan bankans

en sá sem hreppir það mun bera titilinn framkvæmdastjóri Samfélags, sem er nýtt svið sem á að vera leiðandi í að móta menningu bankans. Starfslýsingin er nokkuð rýr, að minnsta kosti það sem kemur fram í auglýsingunni, en Landsbankinn lýsir því yfir að hann vilji vera „virkur þátttakandi í samfélaginu, bæði innan og utan bankans“. Nú kann að vera að starf-titillinn sé blekkjandi og að starfið sé í raun mjög þarft fyrir hagkvæma miðlun fjármagns. Það er hlutverk bankans númer eitt, tvö og þrjú. En hann hljómar frekar eins og dæmi um að UFS-væðing atvinnulífsins hafi gengið of langt. ■

Gefins peningur



Bogi Nils Bogason

forstjóri
Icelandair.

Það vakti athygli þegar ákveðið var við hluta-fjárútboð Ice-landair að bjóða

fjárfestum sem tóku þátt að fá til viðbótar áskriftarréttindi sem samsvöruðu fjórðungi þess sem þeir keyptu fyrir sér að kostnaðarlausu. Fyrsti flokkur áskriftarréttindanna er nú til innlausnar og má gera ráð fyrir að nánast allir fjárfestar nýti réttindin enda er gengið á þeim um fimmtungi lægra en markaðsgengi flugfélagsins. Fjárfestar geta þakkað stjórnvöldum fyrir áskriftarréttindin, sem eru í reynd gefins peningur, en þau lögðu á það mikla áherslu að skilyrði þess að veita félaginu ríkisábyrgð á lánalínu væri að gengið yrði sem lengst í að þynna út eignarhlut hluthafa í hlutafjárútboðinu. ■

Óánægja með ríkisstjórnina og konungsríkið



Mótmenndur í Bangkok, höfuðborg Tílandis, voru óánægðir með ríkisstjórn landsins og köstuðu steinum, skutu flugeldum og vörpuðu öðrum minni sprengjum til að lýsa óánægju sinni. Þeir vilja að ríkisstjórnin segi af sér vegna þess hve illa hefur gengið að bólusetja landsmenn gegn Covid-19 en nú fer fjöldi smita vaxandi. Þeir vilja jafnframt nýja stjórnarskrá og breytingar á hinu valdamikla konungsríki.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mun svarta spáin rætast?




Agnar Tómas
Möller, sjóð-
stjóri skulda-
bréfa hjá Kviku
eignastýringu.

Nú þegar sumri tekur að halla og sumarfríum að ljúka, er ágætur tími til að taka stuttlega stöðuna á fjármálamörkuðum, bæði hér heima og erlendis. Hér á landi hefur ávöxtun hlutabréfa verið sérstaklega góð í alþjóðlegum samanburði á árinu, hækkan hlutabréfavísitölunnar (miðað er við vísitölur Kviku eignastýringar) hefur numið riflega 30%, sú fimmta mesta hækkan í heiminum, samanborið við 10-25% hækkan helstu vísitalna í Bandaríkjunum og Evrópu, á meðan ávöxtun stærstu hlutabréfavísitalna í Asíu hefur verið döpur. Skuldabréfamarkaðurinn hefur haft hægur um sig, íslenska ríkisbréfavísitalan hefur hækkað um 1% á árinu á meðan ríkisskuldabréf þróaðra ríkja hafa lækkað um 1% til 3% að jafnaði á sama tíma.

Sú lækkan á verði ríkisbréfa erlendis, sem kemur fram í hærrí ávöxtunarkröfu skuldabréfa, er að miklu leyti birtingarmynd helstu efnahagsfrétta ársins: Mikillar aukningar verðbólgu í Bandaríkjunum og talsvert hraðari endurofnunargætt en gert var ráð fyrir í upphafi árs vegna hraðari endurofnunargætt hagkerfa, en einkum og sér í lagi hins bandaríska.

Efnahagsþróun íslenska hagkerfisins á árinu svipar að nokkru til hins bandaríska, hröð endurofnun með sterkri einkaneyslu, mikil hækkan á eignamörkuðum,

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði



Það stýttist í kosningar og ef loforð um frekari skuldsetningu og fjáraustur ríkissjóðs verða ofan á, er allt eins líklegt að „svarta vaxtasþáin“ rætist.

ekki síst hækkan fasteigna, og aukin verðbólga. Í upphafi árs væntu þess flestir að vöxtum Seðlabanka Íslands yrði haldið óbreyttum í ár en myndu hækka hægt árið 2022 í brothættum efnahagsbata. Sú mynd hefur nú gjörbreytt og verðleggja markaðir nú að Seðlabankinn hækki vexti á 9 af næstu 10 vaxtaákvörðunarfundum sínum, þeim verði einungis haldið óbreyttum í ágúst 2022 og verði komnir í 4% árið 2024! Til samanburðar verðleggja markaðir í Bandaríkjunum að vöxtum verði lyft af núllinu í ársbyrjun 2023.

Þótt ætla mætti af umræðu hér-
lendis að sparifjareigendum sé
haldið í vaxtasvelli í sögulega lágum
stýrivöxtum, hafa þeir það ansi gott
séu þeir tilbúnir að festa fjármuni
til millilangs tíma – sem dæmi bera
skuldabréf ríkisins til 3 ára í dag hátt
í 3% vexti, þrisvar til fjórum sinnum
meira en ótryggð innlán og eru kjör
íslenska ríkisins á innlendum mark-
aði meira í ætt við vexti brothættra
nýmarkaðsríkja en stöndugs vest-
ræns hagkerfis.

Verðbólgan í lykilhlutverki

Áður en svokallað Delta-afbrigði kór-
ónaveirunnar mætti til leiks á Vestur-
löndum í sumar, voru blikur á lofti í
bandaríska hagkerfinu og hið kín-
verska hafði tekið að hægja verulega
á sér. Væntingavísitölur, útlánavöxtur
og fjárfestingaráform í þessum lykil-
hagkerfum heimsins eru á niðurleið
og því einn helsti ótti fjárfesta að
seðlabanki Bandaríkjanna neyðist
til að hækka vexti fyrir en ella vegna
aukinnar verðbólgu, sem væri líklegt
til að valda usla á eignamörkuðum.

Það hefur því verið jákvætt, bæði
hér heima og í Bandaríkjunum, að
væntingar neytenda og markaða um

verðbólgu í framtíðinni hafa lækkað í
áttina að verðbólgu markmiði á ný og
almennt talið ólíklegra að verðbólgan
verði sú grýla sem fjárfestar óttuðust
á fyrri hluta ársins.

Til fróðleiks má nefna að á sama
tíma og stundarverðbólga mælist
nú um 5,2% í Bandaríkjunum, er um
14% af bandarísku verðvísitölunni að
hækka um 20%, mest tengt „endur-
opnun“ hagkerfisins, hækkan á hrá-
vörum eða vegna bresta í framleiðslu-
keðjum, á meðan restin er einungis
að hækka um rúmlega 1% að jafnaði
síðasta árið.

Kosningaskjalfti fram undan?

Þótt það vaxtahækkunarferli sem
íslenskur skuldabréfamarkaður
teiknar upp í dag sé býsna drama-
tískt, eru allar líkur á að það verði
styttra og hægara að óbreyttu. Áhrif
svo mikilla og hraðra vaxtahækkana
myndu líklega koma fram í sterkari
krönu sem myndi kæla útflutnings-
greinarnar, tvöföldun á fljótandi
útlánavöxtum myndi bremsa einka-
neyslu og fjárfestingu atvinnulífsins.
Þá er stór og vaxandi hluti skulda
ríkissjóðs til skamms tíma – miklar
vaxtahækkunar Seðlabankans
myndu því þyngja vaxtabyrði ríkis-
sjóðs verulega og leiða til sambands
af auknu aðhaldi í ríkisrekstri og
skattahækkana. Lækkandi verð-
bólguvæntingar í sumar ættu þó að
gefa Seðlabankanum svigrúm og
þolinmæði í þeim efnunum nú þegar
övissa hefur aukist á ný vegna Delta-
afbrigðisins svokallaða. En það
stýttist í kosningar og ef loforð um
frekari skuldsetningu og fjáraustur
ríkissjóðs verða ofan á, er allt eins
líklegt að „svarta vaxtasþáin“ rætist.
Það myndu ekki margir hagnast á því,
hvorki fjárfestar, heimilin né fyrir-
tækin. ■

HAFÐU FJÖLPÓSTINN Í MEST LESNA DAGBLAÐI LANDSINS!*

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóstinn en inni í Fréttablaðinu en kynningarefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

46,5% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **25 - 80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5000** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



* Samkvæmt prentmælingum Gallup

■ Skoðun

Helgi Vífill
Júlíusson



Geta ekki lofað öllu fögru

Þeir sem eru vinstra megin við miðju í stjórnáttum ættu að hrósa happi. Umsvif hins opinbera hér á landi, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru með því mesta sem þekktist á meðal OECD-ríkjana. Það er þeim að skapi.

Nú þegar stutt er í kosningar er æskilegt að brýna fyrir stjórnáttum, hvar í flokki sem þeir standa, að þeir geta ekki lofað landsmönnum öllu fögru og aukið ríkisútgjöldin ríkulega á nýju kjörtímabili. Kjósendur þurfa sömuleiðis að hafa það í huga.

Aðstæður eru með þeim hætti að það þarf að sýna ráðeild og draga úr umsvifum hins opinbera. Skuldir hins opinbera eru miklar í kjölfar björgunaraðgerða til handa efnahagslífinu eftir Covid-19 faraldurinn. Of miklar opinberar skuldir hamla hagvexti og ryðja úr vegi arðbærum einkafjárfestingum. Þess vegna þarf að koma böndum á þær en ekki auka þær. Áframhaldandi hagvöxtur er nauðsynlegur til að lífsgæði hér á landi verði mikil. Að sama skapi getur fámenn þjóð með litla mynt ekki leyft sér að skulda jafn mikið og stór hagkerfi til að laða að erlenda fjárfesta – sem er æskilegt – og halda fjármunum inni í hagkerfinu.

Hin hliðin á því að umsvif hins opinbera eru með því mesta sem þekktist á byggðu bóli er að þeir sem starfa í einkageiranum standa undir launum þeirra sem starfa hjá hinu opinbera. Það verður æ erfiðara eftir því sem opinberum störfum fjölga. Blómlegt atvinnulíf er því nauðsynlegt til að standa undir opinberum rekstri. Þess vegna er mikilvægt að leita leiða til að draga úr skattheimtu og flóknu regluverki.

Ein leið til að hagræða í opinberum rekstri er að treysta í ríkari mæli á frumkvöðla til að leysa af hendi verkefni. Þeir eru traustsins verðir og hafa hagræna hvata til að finna snjallar leiðir til að bæta þjónustuna og hagræða í rekstri. Valdi tiltekinn frumkvöðull ekki verkinu er hæfur leikur að fela það einhverjum öðrum. Það er urmull af tækifærum til að hleypa einkaframtakinu að opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir þá sem hana nýta og skattgreiðendur, svo sem í heilbrigðisþjónustu og menntakerfinu. ■

Hlutfé VMÍ aukið um 120 milljónir króna

helgivifill@frettabladid.is

Hlutfé Verðbréfamíðstöðvar Íslands var aukið um 120 milljónir króna fyrr á þessu ári. Félaginu hefur þannig verið tryggð fjármögnun.

Verðbréfamíðstöðin velti rúmum 22 milljónum árið 2020 sem var fyrsta starfsár hennar í rekstri. Félagið tæpaði 55 milljónum króna í fyrra samborið við 48 milljónir árið áður. Eigið fé var 742 milljónir króna við árslok 2020 og skuldirnar námu 39 milljónum króna, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins.

Þrjár reikningsstofnanir voru tengdar Verðbréfamíðstöð Íslands í árslok. Fyrstu rafrænu útgáfunar voru skráðar á árinu 2020. Í árslok nam heildarnafnverð óskráðra útgáfa 4,6 milljörðum og markaðsvirði skráðra útgáfa 255 milljarða króna, fjöldi starfsmanna var fimm við árslok.

Stærsti hluthafi Verðbréfamíðstöðvar Íslands er framtakssjóðurinn Innviðir fjárfestingar, sem er að stærstum hluta fjármagnaður af lífeyrissjóðum, með 69 prósentu hlut. Á meðal annarra hluthafa má nefna Arion banka og Íslandsbanka sem eru með rúmlega þriggja prósentu hlut hvor. ■



Lausnin er að setja inn hvata til að þú framleiðir; að þú hafir eitthvað til að keppa að, sért ekki bara á föstum fjárlögum og að alveg sama hvað þú gerir þá fáir þú þína peninga.

Björn Zoëga, forstjóri
Karólinska háskóla-
sjúkrahússins.



SUMMARFRÍ

4 VIKUR

26 kr.

AFSLÁTTUR

Skráðu þig á orkan.is

Skipuleggðu sumarfríð vel og vertu með afslátt í áskrift

Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti*** með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt á Icelandair hóteli með morgunmat fyrir tvo, 50.000 kr. eldsneytisinn eign, lesbretti og 12 mánaða áskrift að Storytel eða aðgang fyrir tvo í Sky Lagoon.**

Orkan — Ódýrasti hringurinn

*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð — skilyrðislaust.



Sterkari saman
í sátt við umhverfið

UNNVEFISBANDIÐ

LITRÓF

GuðjónÓ

Prenttækni

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR



Áratuga reynsla
í viðgerðum á
smávélum

SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélavíðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorð, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

FRAMTALSADSTÖÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhiða
bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is
www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald



k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir
loftstrætikerfa. Hafðu samband og
pantaðu fría ástandsskoðun í síma:
557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSA - VIÐGERÐIR

NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD
AÐ UTAN SEM INNAN

- * STEYPU/MÜRVIÐGERÐIR
- * KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
- * GLUGGAR/GLER
- * INNRETTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllum almennu
viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnuþá. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggitur
Rafvirktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

**Kassagítarar
á tilboði**

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Tilkynningar



**ÁTÖKIN UM
ÓLYMPIULEIKANA
Í MOSKVU
1980**

DR. INGIMAR JÓNSSON



Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN**

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Anna Rut Kristinsdóttir, annarut@frettabladid.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. júlí 2021 að auglýsa til kynningar heildar endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Framlögð gögn til kynningar eru greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppdráttur, uppdráttur af Grímsnesafrétti og þéttbýlisuppdráttir ásamt skýringauppdráttum sem taka til vegna í náttúru Íslands, flokkun landbúnaðarlands, vistgerðarkorta, verndarsvæða og minja. Kynningargögn má nálgast rafrænt á heimasíðu UTU og sveitarfélagsins.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.gogg.is>

Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps hefur verið í kynningu frá 14. 7. 2021 en er nú bætt við frest til að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna til og með **10. 9. 2021**. Athugasemdum, ábendingum og umsögnum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Seltjarnarnesbær Laus störf

Grunnskóli Seltjarnarness

Umsjónarkennari, fullt starf í afleysingum næsta skólaár

Proskapjálfi eða starfsmaður með aðra uppeldisfræðimenntun, fullt starf í afleysingum næsta skólaár

Upplýsingar um störf í Grunnskóla Seltjarnarness veitir Ólína Thoroddsen skólalastjóri
olina.thoroddsen@seltjarnarnes.is í síma 5959-200.

Leikskóli Seltjarnarness

Leikskólakennari, fullt starf

Starfsmaður leikskóla, fullt starf

Upplýsingar um störf í Leikskóla Seltjarnarness veitir Soffía Guðmundsdóttir, leikskólalastjóri,
soffia@seltjarnarnes.is í síma 5959-280/290.

Ungbarnaleikskóli Seltjarnarness

Leikskólakennari, fullt starf

Upplýsingar um störf í Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness veitir Harpa Frimannsdóttir, leikskólalastjóri,
harpa.frimannsdottir@seltjarnarnes.is.

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á
Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar
undir www.seltjarnarnes.is - **Störf í boði**

Umsóknarfrestur fyrir ofangreind störf er til 31. ágúst 2021.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.



JAFNAUKAÁRVOTTUN
2019 - 2022



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.




Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Veðurspá Miðvikudagur



Fremur hæg breytileg átt í dag, skýjað að mestu og líkur á litils háttar vætu í flestum landshlutum. Hiti 9 til 16 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 kappsamt
- 5 ádráttur
- 6 fæði
- 8 stappa
- 10 strit
- 11 önu
- 12 linurit
- 13 umstang
- 15 skyldleiki
- 17 skadda

LÓÐRÉTT

- 1 vindrós
- 2 spil
- 3 seytle
- 4 tildurrófa
- 7 bæta
- 9 auðkenna
- 12 endaveggur
- 14 á víxl
- 16 ákefð

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 ákæft, 5 tog, 6 el, 8 trampa, 10 at, 11 erg, 12 graf, 13 ómak, 15 síftar, 17 slasa. LÓÐRÉTT: 1 áttarós, 2 kort, 3 agra, 4 tæpra, 7 lag, 8 merka, 9 merkja, 12 garfi, 14 mis, 16 as.

Sudgen átti leik gegn Dutch í London árið 1964.

1...Dd1+!! 2. Kxd1 Bg4+ 3. Kc2 (3. Ke1 Hd1#), 3.... Bd1# 0-1.

Skak.is: Allt um skák.

Sudoku

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

		4				6		2
	1			4			3	7
		7				3		6
		1						
7	9	5			1			6
8		3		6	4			
6					9			5
		8					1	
	7				5			3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



WE SLEEP. DO YOU?

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.



Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.



Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477



„Ég kem með gítarinn“

Brandenburg | sfa

Komdu með í ferðalag!

Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND
**KOMDU
MEÐ**

Miðvikudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Fjallaskálar Íslands** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildabáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 19.30 Pólitik með Páli Magnússyni** Páli Magnússon fær til sín góða gesti og fer yfir það helsta sem er að gerast í íslenskum stjórnmálum.
- 20.00 Herrahornið** Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn sem vilja gyrða sig almennilega í brók og líta út fyrir að vera fagaðir, flottir á því og virkilega móðins. Umsjónarmaður þáttanna er Sigmundur Ernir Rúnarsson.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Manstu gamla daga?
12.20 Spænska veikin
13.05 Inndjúpið
13.50 Sjónleikur í átta þáttum
14.35 Heilabrot
15.05 Söngvaskáld
16.05 Á tali við Hemma Gunn
16.50 Síteynd - veröld samfélagsmiðla
17.20 Maðurinn og umhverfið
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Múminálfarnir
18.23 Hæ Sámur
18.30 Klingjur
18.41 Eldhugar – Tove Jansson - málarí og Múminmamma Stuttir þættir þar sem við kynnumst merkiskonum mannkynssögunnar. Sumar eru frægar, öðrum hefur farið minna fyrir en allar eru þær töffarar og eldhugar. e.
- 18.45 Bækur og staðir**
18.54 Vikinglöttó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Með okkar augum Ellefta þáttaröð þessara margverð-launuðu þátta sem vakið hafa athygli fyrir nýstárleg og frumleg efnistöð. Fólk með þroskahömlun vinnur þættina með fagfólki í sjónvarpsgerð og miðlar þannig fjölbreytileika íslensks samfélags. Dagskrárgerð: Elin Sveinsdóttir.
- 20.35 Tiskuvitund – Lærke Bagger**
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Þrælalald nútímans – Ríkisþrælalald Heimildarþáttaröð um nútímaþrælalald og þrælkunarvinnu, en talið er að rúmlega 40 milljónir manna lifi við þrældóm í heiminum í dag. Í þáttunum eru sagðar sögur af þrælum og þrælalaldi víðs vegar um heiminn, allt frá bandarískum fangelsum til barnaþrælkunar á Indlandi.
- 23.20 Saman að eilífu**
23.50 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

- 09.00 European Tour 2021**
14.25 European Tour 2021 - Highlights
14.50 European Tour 2021
20.10 PGA Tour 2020

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
12.30 Dr. Phil
13.11 The Late Late Show with James Corden
13.50 The Block
14.45 90210
15.26 Black-ish
15.47 Black-ish
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show with James Corden
19.05 The Block
20.10 Young Rock
20.35 Moonbase 8 Gamanþáttur frá Showtime um verðandi geimfara sem eru við æfingar í eyðimörkinni í Arizona. Þeir eru staðráðnir í að standa sig í æfingunum til að komast í fyrstu geimferðina sína. Aðalhlutverkin leika Fred Armisen, Tim Heidecker og John C. Reilly.
- 21.00 Nurses**
21.50 Good Trouble
22.35 Love Island
23.25 The Royals
00.10 The Late Late Show with James Corden
00.50 New Amsterdam
01.35 Hver ertu?
02.05 9-1-1
02.50 Walker
03.35 Love Island
04.25 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfreginir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál: Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.03 Hádegisfréttir
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegisfréttir
13.00 Dánarfreginir
13.02 Sumarmál: Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Þá tekur tónlistin við
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Spjallinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfreginir
18.53 Dánarfreginir
19.00 Sumartónleikar
20.30 Tveir bókmenntamenn
21.20 Íslendingasögur
21.40 Kvöldsgagan: Dægradvöl
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfreginir
22.10 Sumarmál: Fyrri hluti
23.05 Sumarmál: Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

Stöð 2 Bíó

- 09.45 Pokémon Detective Pikachu**
11.25 Music of Silence
13.15 Parenthood
15.15 Pokémon Detective Pikachu
17.00 Music of Silence
18.55 Parenthood
21.00 A Star Is Born
23.10 Running With the Devil
00.40 The Last Black Man in San Francisco
02.35 A Star Is Born

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
08.20 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The Good Doctor
10.10 Lífið utan leiksins
10.45 All Rise
11.25 MasterChef Junior
12.05 Sporðaköst 6
12.35 Nágrannar
13.00 Bomban
13.40 Hvar er best að búa?
14.25 Gulli byggir
14.50 Besti vinur mannsins
15.15 The Goldbergs
15.40 Á uppleið
16.05 Who Do You Think You Are?
17.05 Last Week Tonight with John Oliver
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Vikingalöttó
19.10 Alls konar kynlíf Alls konar kynlíf eru fræðslu- og skemmtiþættir með Sigu Dögg kynfræðingi og Ahd Tamimi, sérlegum aðstoðarmanni hennar. Saman rýna þau í hin ýmsu málefni tengd kynlífi, fara á stúfana, ræða við breiðan hóp sérfræðinga og fá safaríkar sögur frá þekktum einstaklingum um allskonar kynlíf.
- 19.40 First Dates**
20.20 10 Years Younger in 10 Days Vandaðir og einlægir lífsstílsþættir í umsjón Cherry Healey sem aðstoðar fólk við að hressa upp á útlitið með áhrifaríkri yngingarmeðferð. Skjólstaðingarnir hafa hver sína ástæðu fyrir þátttöku og Cherry finnur leið sem sniðin er að hverju tilfelli með aðstoð fagsérfræðinga. Í hverjum þætti sjáum við hvernig hægt er að yngjast um allt að 10 ár með aðstoð Cherry og sérfræðinganna.
- 21.10 Family Law**
21.55 Pennyworth
22.50 Sex and the City
23.20 Hell's Kitchen
00.05 NCIS: New Orleans
00.45 Tell Me Your Secrets
01.35 The Mentalist
02.15 The Good Doctor
03.00 All Rise

Stöð 2 Sport

- 08.55 Breiðablik - KÍ Klaksvík**
11.00 Stjarnan - Haukar
12.20 Þór/KA - Tindastóll
14.00 KA - Stjarnan
15.40 Valur - Keflavík
17.20 Breiðablik - KÍ Klaksvík
19.05 Fylkir - Selfoss
21.10 Þór/KA - Tindastóll
22.50 Hermann Hreiðarsson
23.20 Fylkir - Selfoss

Stöð 2 Sport 2

- 07.50 Juventus - FC Porto**
10.20 Sheriff Tiraspol - Dinamo Zagreb
12.00 Borussia Dortmund - Sevilla
13.40 Monaco - Shakhtar Donetsk
15.25 FA Community Shield 2021: Leicester - Manchester City
17.05 Sheriff Tiraspol - Dinamo Zagreb
18.50 Benfica - PSV Eindhoven
20.55 Leicester - Brighton
22.30 Football League Show 2021/2022
23.00 Monaco - Shakhtar Donetsk



Pólitik

með Páli Magnússyni

Alþingiskosningar verða haldnar 25. september 2021

Einn kunnasti fréttaspyrill þjóðarinnar snýr aftur í sjónvarpið með tilþrifum, reynslunni ríkari frá Alþingi – og tekur nú stjórnmálaforingjana á beinið, hverja á fætur öðrum, leiðir þá sundur eða saman – og það verður töluð pólitik, án undanbragða og svaranna krafist sem að var spurt.



Bjarni og Þorgerður mætast í pólitískum kappræðum í fyrsta skipti frá því leiðir lágu sundur

og núna með Pál Magnússon á milli sín.

Þetta verður eitthvað



Pólitik með Páli Magnússyni á Hringbraut, öll miðvikudagskvöld kl. 19:30 og strax aftur 21:30

Fylgstu með á Hringbraut

LOSTI

Allskonar

KYNLÍF



MIÐVIKUDAG

Allskonar kynlíf

Nýir fræðslu- og skemmtipættir með Sigu Dögg kynfræðingi og Ahd Tamimi, sérlegum aðstoðarmanni hennar. Saman rýna þau í hin ýmsu málefni tengd kynlífi, ræða við breiðan hóp sérfræðinga og fá safaríkar sögur frá þekktum einstaklingum um allskonar kynlíf.



+



=

7.990 kr./mán.

Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is



1.998 kr./pk.

Goli Ashwagandha og Eplaedik
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.



GOLI VÍTAMÍN

**KOMIN Í BÓNUS
Á BÓNUS VERÐI**



1.598 kr./pk.

Goli Superfruits
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.

NUDDGEL



2.798 kr./pk.

5 Kind Nuddgel
300 ml

TANNKREM



**29% BETRA VERÐ
M.V. STAKA TÚPU**

698 kr./pk.

Sensodyne Tannkrem
2 x 75 ml í pk. - 3 tegundir

**SVARTAR ANDLITSGRÍMUR
NÝ SENDING AÐEINS BETRA VERÐ**



1.498 kr./pk.

Svartar Andlitsgímur
50 stk. í pk. - verð áður 1.798 kr.

KELLOGGS SPECIAL K



659 kr./pk.

Kelloggs Special K
750g

HEIMILISBRAUÐ



**100 KR.
VERÐLÆKKUN**

359 kr./pk.

Myllan Heimilisbrauð
770 g - verð áður 459 kr.

SKÓLAOSTUR



**100 KR.
VERÐLÆKKUN**

695 kr./pk.

MS Skólaostur
330 g - verð áður 795 kr.

SJAMPÓ



299 kr./pk.

Neutral Sjampó
250 ml

HÁRNÆRING



299 kr./pk.

Neutral Hárnæring
250 ml

STURTUSÁPA



799 kr./pk.

Neutral Sturtusápa
1 ltr.

GRÍSALÆRI



BAJONSKINKA

1.098 kr./kg

Stjörnugris Nýreykt Grísalæri
úrbeinað

GRÍSABÓGUR



679 kr./kg

Stjörnugris Grísabógur
ferskur

GRÍSAHAKK



898 kr./kg

Stjörnugris Gríсахakk
ferskt

LASAGNA



GOTT SAMAN

459 kr./pk.

Knorr Lasagne
262 g

**ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ KRYDDA SJÁLFR**



898 kr./kg

Frosinn Heill Lambabógur
verð áður 999 kr./kg



2.598 kr./kg

Frosin Hálfur Lambahryggur
með lundum - verð áður 2.898 kr pr kg.

**MUNUM EFTIR
FJÖLNOTA
INNKAUPAPOKUNUM**



198 kr./stk.

Rauðar varir áberandi í haust

Rauði varaliturn er alltaf klassískur og heldur áfram að vera það, þá sérstaklega núna í haust. Öft verða tónarnir dekkri og jarðlitaðri þegar líða tekur á haustið en það á ekki við í ár. Núna eru allir tónar vinsælir og um að gera að lífga upp á daginn með skærliuðum rauðum varalit.

Rauðir varalitir verða vinsælir í haust. Fördunarspekúlantar erlendis spá því að í haust verði ekki undantekning á því að nota skæra og áberandi rauða liti, fólk eigi ekki að einskorða sig við dýpri tóna, þótt þeir séu vissulega alltaf flottir. Matta áferðin hefur verið sérstaklega vinsæl síðasta áratug en það hefur verið að breytast undanfarið og þykir flott að skella jafnvel umferð af glæru glossi yfir varalitinn. ■

steingerdur@frettabladid.is



Síðasta ár hefur það orðið vinsælt að setja umferð af glossi yfir varalitinn, en lengi vel var mött áferð mun vinsælli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ruby Woo er rauður með bláum undirtónum.

Ruby Woo frá MAC er einn vinsælasti rauði varaliturn í heiminum.



Dekkri rauðir litir í jarðtónum verða oft vinsælir á haustin.

Lady Danger frá MAC er með appelsínugulum undirtón. Lífgar upp á skammdegið þegar það tekur að hausta.

NÝ SENDING & ENN MEIRI ÚTSALA



Tískan


comma, MaxMara BRAX

Skipholti 21 | Sími 551 0770
www.tiskan.is



Rauður varaliturfur fer vel við flest og getur sett punktinn yfir i-ið.

Thrill seeker frá Smashbox er áberandi og með sterkum appelsínugulum tón.



SVONA RÚLLUM VIÐ Í SUMAR



VERTU Í RÉTTA PAKKANUM Í SUMAR!

Það er allt í lagi að við séum alls konar



Steingerður
Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

Í dag hefja göngu sína þættirnir Alls konar kynlíf á Stöð 2. Þáttunum er stjórnað af kynfræðingnum Siggu Dögg og leikaranum Ahd Tamimi. Í þeim skoða þau allar hliðar kynlífs, kynferðis og nektar. Það var margt sem kom Sigu Dögg á óvart við gerð þáttanna.

„Það er mjög lýsandi fyrir þættina að þeir heiti Alls konar kynlíf, af því þetta tengist alls konar kynlífi á einn eða annan hátt. Við reyndum að gera svona skemmtiþátt. Oft eru svona þættir svo alvarlegir eða eitt-hvað „doom and gloom“ í gangi. Skuggahliðar, reynt að hneyksla eða ögra. Við vildum meira skoða og hafa gaman af. Leyfa okkur að læra svoltið í ferlinu.“

Hún segir að þættirnir ættu að henta, skemmta og fræða fólk á öllum aldri.

„Við erum vonandi að brúa einhver kynslóðabil með þessum þáttum.“

Viðmælendur okkar eru líka á mjög fjölbreyttum aldri. Það er því von mín að við náum að draga fólk inn og opna eitthvert samtal. Þetta eru málefni sem fólk hefur ólíkar skoðanir á, eins og til dæmis nekt. Það var svo gaman að sjá hvernig við komum til dæmis ólíkt að því.“

Ekki bara uppeldið

Hún segir margt fleira spila inn í afstöðu fólks til nektar en bara uppeldi.

„Það er margt fleira sem hefur áhrif. Til dæmis hvort fólk er alið upp í sveit eða borg. Svo fer þetta líka eftir kynslóðum. En svo fannst mér eiginlega samtalið inni á heimilum hafa mest áhrif. Sumir halda að þetta hafi verið svona og svona í gamla daga, en þetta var ekki það svart-hvítt. Það var mjög áhugaverð uppgötvun.“

Leikarinn Ahd Tamimi er sérlegur aðstoðarmaður og meðstjórnandi Sigu í þáttunum.

„Hann er svo ótrúlega opin og skemmtilegur. Hann er samkynhneigður, þannig að maður fær líka aðeins hans reynsluheim inn í þættina. Það er oft sem hinsegin „boxið“



Það var margt sem kom Sigu Dögg á óvart við gerð þáttanna, sér í lagi regluverkið í lögum hvað varðar nekt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ÓTTAR GEIRSSON



Leikarinn Ahd Tamimi er Sigga Dögg til halds og trausts í þáttunum. **MYND/ADSEND**

er opnara. Það eru ekki endilega sömu reglur sem gilda. Hann kemur inn í þetta af því að hann er bara svo ótrúlega opin. Það var svo gaman þegar við vorum að finna einhvern með mér í þetta, um leið og ég hitti hann þá bara small eitthvað saman. Við vorum ekki einu sinni búin að tala saman í þrjár mínútur þegar ég vissi að þessi maður væri algjört gull,“ segir Sigga.

Lærði sjálf mikið

Sigga segir það líka frábært hvað Ahd veit margt sem hún sjálf vissi ekki.

„Margt úr hans reynsluheimi. Það er líka alveg dýrmætt fyrir mig að vera ekki alltaf „Ég veit allt og ég veit best“. Ég lærði mikið af honum, það var margt sem kom mér á óvart. Það var fullt sem ýtti mér út fyrir kassann, sem ég leyfði mér einhvern veginn að leika mér með ásamt honum.“

Þótt ákveðin bylting hafi orðið í kynfræðslu síðustu árin segir Sigga Dögg að staðan sé flóknari en fólk átti sig á.

„Eins og staðan er núna, þá er áætlun hjá forsætis-, heilbrigðis- og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Það liggur fyrir ótrúlega mikið af gögnum. Það er búið að samþykkja að fjármagna ákveðin verkefni, en til langs tíma þá eru ekki allir endilega sammála um í hvaða farveg þetta á að fara. Það eru svo margir sem koma að þessu, þess vegna er margt af þessu að gerast svo hægt. Þannig að það er langt í land,“ segir hún.

Óskýr löggjöf

Hún segir vandamálið ekki einungis á herðum grunnskóla landsins.

„Eins og við sjáum bara í samfélaginu, það er að verða svo mikil hugarfarsbreyting. Hvernig við viljum nálgast fólk og hvaða virðingu við viljum sýna hvert öðru, það skilar sér náttúrulega líka inn í þetta samtal. Við getum náttúrulega ekki



Það er umburðarlyndið og skilningurinn sem er hjartað í þessu öllu saman.

tekið kynfræðsluna og það samtal sem henni fylgir og skilið það nema við föttum hvernig við eigum að nálgast hvert annað sem manneskjur. Við erum ennþá að læra að þetta er ekki „Þú ert öðruvísi en ég, það er skrytið og það er rangt“. Það er allt í lagi að við séum alls konar. Það er umburðarlyndið og skilningurinn sem er hjartað í þessu öllu saman.“

Það kom Sigu Dögg alveg sérstaklega á óvart við gerð þáttanna hversu óskýr löggjöfin er í kringum nekt.

„Hvað má og hvað ekki? Ég var í smá sjokki hvað það varðar. Ég skal alveg játa það. Það er alveg heill þáttur sem fjallar um það, þetta er það flókin spurning. Við komumst eiginlega ekki að neinu svari. Við fórum nakin út í skóg með Bigga löngu og spurðum hann svara. Okkur fannst við þurfa að komast að niðurstöðu. Svo sáum við að það var í raun hægt að gera alveg heila þáttaröð bara um nekt.“

Fyrsti þáttur verður sýndur á Stöð 2 í kvöld klukkan 19.10. ■

STÚLKUR OG VERKNÁM

Fimmtudaginn 26. ágúst gefur Fréttablaðið út sérblað um stúlkur og verknám.


Konur eru starfandi í ýmsum karllægum starfsgreinum í dag. Þær eru misjafnlega margar eftir greinunum og stundum örfáar en athyglinni verður beint að því að þær eru samt þarna. Þessu blaði er ætlað að kynna þá skóla sem bjóða stúlkum upp á nám í verklegum greinum sem og þau fyrirtæki sem hafa áhuga á að styðja við bakið á þeirri þróun að fleiri stúlkur fari í iðnnám.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:
Jóhann Waage sölu- og markaðsfulltrúa
Johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



TEKJUR ÞÚSUNDA ÍSLENDINGA

DV gefur út sérblað í dag um tekjur þúsunda Íslendinga en þá verða álagningarskrár gerðar opinberar.



Aðeins 1.190 kr.!

Kynntu þér launatekjur kunnra landsmanna og hvaða laun eru í boði í þinni atvinnugrein.

Náðu þér í eintak hjá öllum helstu matvöruverslunum landsins, bókabúðum og bensínstöðvum.

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Láru G.
Sigurðardóttur



Vágestirnir

Sumar þeirra brjótast inn, þangað til þær eru reknar á dyr. Aðrar pakka upp úr töskunum og eru komnar til að vera. Við verðum ekki alltaf vör við þær. Sumar gera líf okkar þægilegra og auðveldu okkur að lifa af. Aðrar koma með látum og ganga fram af okkur.

Veirur eru oft málaðar sem vágestir, eitthvað sem við þurfum að hræðast og forðast. En veirur eru merkilegar verur. Ef við beitum töfraspöta svo allar veirur hyrfu af jörðinni, þá myndi allt líf þurrkast út. Þær eru þekktar fyrir að halda jörðinni í jafnvægi. Ef það verður offjölgun í lífríki, þá sjá þær til þess að fækka í stofninum. Veirur eru fjölmennastar á jörðinni og við þekkjum í raun afar fáar tegundir. Það er engin leið að forðast veirur, þær eru allt um kring. Þær eru partur af okkur.


Reiknað hefur verið að um átta prósent af erfðaefni mannsins sé frá veirum komið. Sumt notum við til að framleiða prótein sem nýtist starfsemi líkamans. Annað er nýtt til að verjast öðrum veirum. Að mörgu leyti hafa veirur gert líf okkar þægilegra með því að aðlagast umhverfinu.

Kórónuveiran er ekki að sýna neitt fararsnið á sér. Mikilvægasta lexían sem hún hefur kennt er hvernig óheilbrigt lífni veikir okkur sem lífverur. Það gleymist oft í umræðunni að ef maður vill standa af sér storm faraldra þá þarf að taka ábyrgð á eigin lífni. Góður svefn, hvíld, næringarríkt fæði og hreyfing styrkir allt ónæmiskerfið, sem verst skæðum veirum. Bólusetning hjálpar en það er ekki eingöngu hægt að treysta á hana og að sjálfsögðu þarf fólk í áhættu aukna vernd.

Lífriki jarðar er háð veirum, en ekki verður sama sagt um okkur mennina. Við erum í raun í bullandi mínus. Gerir það okkur að meiri vágestum en veirurnar? ■

Einfalt að skipta. Erfitt að snúa aftur.

Prófaðu Kia e-Niro 100% rafbíl
með 455 km drægi.



Movement that inspires

Kia e-Niro er kraftmikill og einstaklega rúmgóður borgarþjallingur með allt að 455 km akstursdrægi og 80% hleðslu á 42 mínútum. Rúmgott 451 l farangursrými hentar vel á ferðalögum. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.

Kia e-Niro er besti rafbíllinn í sínum flokki, skv. áreiðanleikakönnun J.D. Power. Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro.



Kia e-Niro 39 kWh verð frá:

4.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 34.735 kr.**

81% LANDSMANNA
ERU NÚ BÓLUSETT
OG AÐ PLANA SUMARIÐ

HELMINGUR
ÞEIRRA LES
FRÉTTABLAÐIÐ

ERT ÞÚ AÐNÁ Í RÉTTA FÓLKID?

FRÉTTABLAÐIÐ

Með því að auglýsa í
Fréttablaðinu og
á frettabladid.is
nærðu til rétta fólksins.

* 35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali
samkvæmt prentmælingum Gallup

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir
allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir



MJÚKAR VÖRUR

20-40% AFSLÁTTUR



Rúmföt

-Dæmi

Södahl Clear Grey 20-40% afsláttur

Verð 7.794 kr.

Verð áður 12.995 kr.

Stærð 140 x 200cm – 6 0x 63cm



Sængur

-Dæmi

Caesar Microfiber 20% afsláttur

Verð frá 7.920 kr.

Verð áður 9.900 kr.

Stærð 140 x 200cm



Koddar

-Dæmi

Caesar 20% afsláttur

Verð frá 7.120 kr.

Verð áður 8.900 kr.

Yfir 20 mismunandi tegundir og stærðir af koddum



Líkamspúði

-Dæmi

Comfort Air 20% afsláttur

Verð frá 14.320 kr.

Verð áður 17.900 kr.

Stærð 160 x 30cm



Hlífðarlök / dýnuhlífar

-Dæmi

Dýnuhlíf 20% afsláttur

Verð 3.920 kr.

Verð áður 4.900 kr.

Stærð 90 x 200cm
2 tegundir / margar stærðir



Lök

-Dæmi

Santas bómullarlak 20% afsláttur

Verð 6.400 kr.

Verð áður 8.000 kr.

Yfir 20 mismunandi litir af lökum
-margar gerðir



Rúmföt

20-40% afsláttur

-Dæmi

Fussenegger Saphir 40% afsláttur

Verð 17.900 kr.

Verð áður 21.900 kr.

Stærð 140 x 200cm / 50x70cm



Stuðningspúðar

-Dæmi

Hnjápuði 20% afsláttur

Verð frá 6.320 kr.

Verð áður 7.900 kr.

Stærð 26 x 15 x 8cm

Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

ÚTSALA

20-70% AFSLÁTTUR

Sófar
20-30% afsláttur

Rúm
20-40% afsláttur



Gjafavara
20-60% afsláttur

Bitz

GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904

LE CREUSET®



Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ